



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Jafnréttisúttekt á íþrótta- og æskulýðsstarfi í Grindavík

Maí 2023

Unnið fyrir:	Grindavíkurbær
Verkefni:	Jafnréttisúttekt á íþróttá- og æskulýðsstarfs í Grindavík
Dagsetning:	17.05.2023
<hr/>	
Framkvæmd:	Anna Soffía Víkingsdóttir og Sæunn Gísladóttir
Undirbúningur og spurningalisti:	Anna Soffía Víkingsdóttir og Sæunn Gísladóttir
Gagnaöflun:	Anna Soffía Víkingsdóttir og Sæunn Gísladóttir
Gagnavinnsla:	Anna Soffía Víkingsdóttir og Sæunn Gísladóttir
Skýrsla:	Anna Soffía Víkingsdóttir og Sæunn Gísladóttir
Ritstjórn og yfirlestur:	Marta Einarsdóttir

© RHA Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri 2023

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-07-2023

L-ISSN 1670-8873

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR OG UPPHAF VERKEFNIS	1
1.1	ÍPRÓTTASTARF Í GRINDAVÍK	1
1.2	ÆSKULÝÐSSTARF	1
2	FRAMKVÆMD	2
2.1	JAFNRÉTTISSTIKA	2
2.2	SPURNINGALISTAR	2
3	ÍPRÓTTASTARF	3
4	JAFNRÉTTISMÁL INNAN ÍPRÓTTAFÉLAGA	4
4.1	BRIMFAXI	4
4.1.1	<i>Iðkendur</i>	4
4.1.2	<i>Starfsfólk og stjórnir</i>	4
4.1.3	<i>Jafnréttisstefna</i>	5
4.1.4	<i>Siðareglur og hegðunarviðmið</i>	5
4.1.5	<i>Iðkendur af erlendum uppruna</i>	6
4.1.6	<i>Hinsegin iðkendur</i>	6
4.1.7	<i>Fatlaðir iðkendur</i>	6
4.1.8	<i>Efnahagur</i>	7
4.1.9	<i>Umhverfi og fræðsla</i>	7
4.1.10	<i>Samantekt Brimfaxi</i>	7
4.2	GOLFKLÚBBUR GRINDAVÍKUR	8
4.2.1	<i>Iðkendur</i>	8
4.2.2	<i>Starfsfólk og stjórnir</i>	9
4.2.3	<i>Jafnréttisstefna</i>	9
4.2.4	<i>Siðareglur og hegðunarviðmið</i>	9
4.2.5	<i>Iðkendur af erlendum uppruna</i>	10
4.2.6	<i>Hinsegin iðkendur</i>	10
4.2.7	<i>Fatlaðir iðkendur</i>	10
4.2.8	<i>Efnahagur</i>	11
4.2.9	<i>Umhverfi og fræðsla</i>	11
4.2.10	<i>Samantekt GG</i>	11
4.3	UMFG	11
4.3.1	<i>Iðkendur</i>	12
4.3.2	<i>Starfsfólk og stjórnir</i>	13
4.3.3	<i>Jafnréttisstefna</i>	15
4.3.4	<i>Siðareglur og hegðunarviðmið</i>	15
4.3.5	<i>Iðkendur af erlendum uppruna</i>	15
4.3.6	<i>Hinsegin iðkendur</i>	16

4.3.7	<i>Fatlaðir iðkendur</i>	16
4.3.8	<i>Efnahagur</i>	17
4.3.9	<i>Umhverfi og fræðsla</i>	17
5	NIÐURSTÖÐUR ÚR KÖNNUNUM	19
5.1	ÍPRÓTTASTARF – KÖNNUN MEÐAL FORELDRA	19
5.1.1	<i>Viðhorf foreldra til jafnréttis kynja á æfingum</i>	20
5.1.2	<i>Mismunur, einelti, kynferðislegt ofbeldi</i>	30
5.1.3	<i>Líkamsímynd</i>	35
5.1.4	<i>Opin svör</i>	37
5.2	ÍPRÓTTASTARF – KÖNNUN MEÐAL AFREKSHÓPA.....	42
5.2.1	<i>Viðhorf til jafnréttis kynja á æfingum</i>	42
5.2.2	<i>Mismunur, einelti, kynferðislegt ofbeldi</i>	45
5.2.3	<i>Líkamsímynd</i>	46
5.2.4	<i>Opin svör</i>	47
5.3	ÆSKULÝÐSSTARF:.....	47
5.3.1	<i>Opin svör</i>	48
7	UMRÆÐUR	50
8	VIÐAUKI	53
8.1	JAFNRÉTTISSTIKA (SPURNINGALISTI SENDUR TIL ÍPRÓTTAFÉLAGA).....	53
9	HEIMILDIR	56

Myndayfirlit

Mynd 1. Kynjaskipting iðkenda Brimfaxes	4
Mynd 2. Kynjahlutföll í stjórn og varastjórn Brimfaxes	5
Mynd 3. Kynjaskipting iðkenda Golfklúbbs Grindavíkur	8
Mynd 4. Kynjahlutföll í stjórn Golfklúbbs Grindavíkur	9
Mynd 5. Kynjaskipting iðkenda UMFG	12
Mynd 6. Miðað við börn af öðrum kynjum (á sama aldri), eru/voru tækifæri barns míns til æfinga (t.d. með tilliti til fjölda æfinga)? (Knattspyrna)	22
Mynd 7. Miðað við börn af öðrum kynjum (á sama aldri), eru/voru tækifæri barnsins míns til þess að keppa? (knattspyrna)	26
Mynd 8. Miðað við börn af öðrum kynjum (á sama aldri) eru/voru þjálfari/þjálfarar barnsins míns hæfari eða vanhæfari? (knattspyrna)	28
Mynd 9. Hversu vel eða illa hefur íþróttafélagið brugðist við þeirri mismunun?	32
Mynd 10. Hefur barnið þitt fengið fræðslu um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi frá deild/félagi?	33
Mynd 11. Hversu góð voru viðbrögð félagsins að þínu mati frá 1-10	35
Mynd 12. Miðað við jafnaldra af öðrum kynjum, eru tækifæri mín til æfinga (t.d. með tilliti til fjölda æfinga)?	42
Mynd 13. Miðað við jafnaldra af öðrum kynjum, er æfingaaðstaða og búnaður til æfinga sem ég fæ aðgang að?	43
Mynd 14. Miðað við jafnaldra af öðrum kynjum, eru tækifæri mín til þess að keppa?	43
Mynd 15. Miðað við jafnaldra af öðrum kynjum er þjálfarinn minn/þjálfarar mínir hæfari eða vanhæfari?	44
Mynd 16. Mér hugnast þeir æfingatímar (tímasetning dags) sem eru í boði?	45
Mynd 17. Ég hef upplifað mismunun í íþróttastarfinu sem ég tilheyri.	45
Mynd 18. Hefur þú fengið fræðslu um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi frá íþróttafélaginu?	46
Mynd 19. Ég hef áhyggjur af því að ég sé með einkenni átröskunar eða gæti þróað með mér átröskun vegna íþróttaiðkunar minnar?	47

Töfluyfirlit

Tafla 1. Kynjahlutföll stjórna UMFG.....	13
Tafla 2. Bakgrunnur svarenda.....	20
Tafla 3. Miðað við börn af öðrum kynjum (á sama aldri), eru/voru tækifæri barns míns til æfinga (t.d. með tilliti til fjölda æfinga)?.....	21
Tafla 4. Miðað við börn af öðrum kynjum (á sama aldri), er/var æfingaaðstaða og búnaður til æfinga hjá barninu mínu?.....	23
Tafla 5. Miðað við börn af öðrum kynjum (á sama aldri), eru/voru tækifæri barnsins míns til þess að keppa?.....	25
Tafla 6. Miðað við börn af öðrum kynjum (á sama aldri) eru/voru þjálfari/þjálfarar barnsins míns hæfari eða vanhæfari?.....	27
Tafla 7. Mér hugnast þeir æfingatímar sem eru/voru í boði fyrir barnið mitt?	29
Tafla 8. Hversu vel eða illa hugnast þér fyrirkomulag Grindavíkurbæjar um niðurgreiðslu æfingagjalda (þ.e. að borga 45.000 til UMFG og börnin fá að æfa það sem þau vilja).....	30
Tafla 9. Barnið mitt hefur upplifað mismunun í íþróttastarfinu sem það tilheyrir.	31
Tafla 10. Ég veit til þess að barnið mitt hafi orðið fyrir einelti?.....	34
Tafla 11. Barnið mitt hefur fengið athugasemdir varðandi líkamsvöxt sinn frá þjálfurum eða öðrum sem tengjast íþróttinni sem það stundar.....	36
Tafla 12. Ég hef áhyggjur af því að barnið mitt sé með einkenni átröskunar eða gæti þróað með sér átröskun vegna íþróttaiðkunar sinnar?	37
Tafla 13. Bakgrunnur svarenda (æskulýðsstarf)	48

1 Inngangur og upphaf verkefnis

Í jafnréttisáætlun Grindavíkurbæjar segir að vinna skuli óháða úttekt á jafnréttismálum í íþrótt- og æskulýðsstarfi innan sveitarfélagsins árið 2023. Farið var af stað í þessa óháðu úttekt í byrjun árs 2023 og Grindavíkurbær fékk Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri til þess að vinna hana. Ákveðið var að skilgreina jafnréttishugtakið vítt, það er ekki aðeins að skoða kynin heldur einnig uppruna og fötlun. Grindavíkurbær er fjölmenningarlegt bæjarfélag þar sem 10,57% barna eru af erlendum uppruna.

1.1 Íþróttastarf í Grindavík

Fjölbreytt íþróttastarf er að finna í Grindavík. Hægt er að segja að þrjú félög séu með starfsemi þar en það eru: Ungmennafélag Grindavíkur (UMFG) en þar eru stundaðar fjölbreyttar íþróttir eins og fimleikar, hjólreiðar, júdó, knattspyrna, körfubolti, píla, og sund; Hestamannafélagið Brimfaxi; og Golfklúbbur Grindavíkur. Samkvæmt upplýsingum er stór hópur barna undir 18 ára aldri að æfa íþróttir í Grindavík. Einnig er afreksstarf stundað í Grindavík í nokkrum íþróttagreinum, m.a. hestamennsku, knattspyrnu og körfubolta.

1.2 Æskulýðsstarf

Æskulýðsstarf í Grindavík er einnig fjölbreytt og í þessari könnun var ákveðið að skoða þrumuna, sem er félagsmiðstöð, björgunarsveitina Þorbjörn (Unglindadeildin Hafbjörg sem starfar undir hatti björgunarsveitarinnar) og KFUM/K sem Grindavíkurkirkja sér um.

2 Framkvæmd

2.1 Jafnréttisstika

Búinn var til listi af spurningum sem sendur var á íþróttafélög/deildir. Hugmyndir að spurningum voru að einhverju leyti fengnar frá jafnréttisúttekt Reykjavíkurborgar á þremur íþróttafélögum. Spurningalistinn var síðan unninn í samvinnu við sviðsstjóra frístunda- og menningarsviðs. Listinn var sendur á íþróttafélög þann 22. febrúar í tölvupósti og bárust svör í mars.

2.2 Spurningalistar

Spurningalistar voru miðaðir við foreldra barna frá 5-19 ára (á árinu) sem æfa eða æfðu íþróttir hjá Grindavík, foreldra barna sem stunda æskulýðsstarf hjá Grindavík og íþróttafólk 18 ára og eldra sem tilheyra afrekshópum. Spurningalistarnir voru unnir af RHA í samvinnu við starfsfólk Grindavíkurbæjar. Spurningalistar til foreldra barna sem æfa/æfðu íþróttir og foreldra barna sem stunda æskulýðsstarf fóru í dreifingu 2. mars og var dreift á t.d. Facebooksíðu Grindavíkurbæjar og heimasíðu Grindavíkurbæjar. Einnig var listunum dreift í pólskan hóp til að ná til pólskra foreldra. Spurningalistarnir voru opnir til og með 19. mars og bárust alls 229 svör við spurningalistanum um íþróttir og 77 svör við spurningalistanum um æskulýðsstarf. Til þess að fá frekar svör frá foreldrum barna af erlendum uppruna voru spurningalistar þýddir yfir á ensku og pólsku. Opin svör sem bárust á ensku eða pólsku voru svo þýdd yfir á íslensku til að gæta að því að þau yrðu ekki persónugreinanleg. Lært var af fyrri reynslu vegna könnunar sem RHA framkvæmdi fyrir Akureyrarbæ að passa hvernig komið er til móts við börn sem ekki samsama sig við strák eða stelpu. Því var í boði að velja undir kyn: stúlka, drengur, stálp, annað, vil ekki svara. Einnig var spurt hvort barnið væri í drengjaflokki, stúlknaflökki eða blönduðum flokki.

Spurningalisti fyrir afreksíþróttafólk var sendur á tengiliði hjá íþróttafélögunum þann 27. febrúar og var spurningalistinn opin til og með 19. mars, alls bárust 12 svör.

3 Íþróttastarf

Grindavíkurbær er lítið sveitarfélag. Samkvæmt Byggðastofnun (e.d.) voru íbúar 3.666 í ársbyrjun 2023. Rík hefð er fyrir íþróttastarfsemi í bænum. Ungmennafélag Grindavíkur var stofnað fyrir tæplega 90 árum, eða árið 1935 og hefur félagið á síðustu árum sérstaklega náð góðum árangri í körfuknattleik og knattspyrnu (UMFG, e.d.).

Smæð bæjarins gerir það að verkum að fólk þekkist vel innbyrðis og kom fram í könnun meðal foreldra barna sem iðka íþróttir að það mætti gera betur vegna mismununar vegna fjölskyldutengsla. Það þyrfti að sjá til þess að þjálfarar mismuni ekki börnum eftir því hverra manna þau eru og láti ekki foreldra segja sér í hvaða stöðu eða í hvaða liði barnið þeirra á að vera.

Breytingar hafa orðið í samfélaginu í Grindavíkurbæ og er það í vaxandi mæli að verða fjölbreyttara. Huga þarf að því að ná til barna af erlendum uppruna í íþróttá- og æskulýðsstarfi. Börn með erlent ríkisfang (fædd á Íslandi) og börn fædd erlendis (annað eða bæði foreldri af erlendum uppruna) eru 10,57% barna (fædd 2005-2023) í Grindavíkurbæ (Eggert S. Jónsson, munnleg heimild, 2. febrúar 2023). Áberandi munur er á börnum í grunnskóla miðað við á leikskólaaldri, þar sem 7,7% barna í grunnskóla eru með erlendan bakgrunn, samanborið við 18,9% barna á leikskólaaldri (Eggert S. Jónsson, munnleg heimild, 2. febrúar 2023).

Varðandi aðgengi er UMFG með lágstu æfingagjöld landsins, samkvæmt upplýsingum á vefsíðu félagsins. Ársgjald fyrir iðkendur er 45.000 kr. og geta þeir þá stundað allar íþróttagreinir í UMFG fyrir það gjald (UMFG, e.d.).

4 Jafnréttismál innan íþróttafélaga

Í þessum kafla er farið yfir svör íþróttafélaganna þriggja sem starfa í Grindavík við jafnréttisstikunni sem send var á félögin, svörin skiptast eftir íþróttafélögum. Stíkan byggir á aðferð sem Reykjavíkurborg þróaði til að taka út jafnréttismál innan íþróttafélaga borgarinnar.


4.1 Brimfaxi

Hestamannafélagið var stofnað 25. mars 2010.

4.1.1 Iðkendum

Stúlkur eru fjölmennari meðal iðkenda í öllum aldurshópum, eða 59% iðkenda, en drengir eru 41%. Ungir iðkendum í Brimföxa eru 76 á aldrinum 1-16 ára, 45 kvenkyns (59%) og 31 karlkyns (41%) og 7 á aldrinum 17-21 árs, 4 kvenkyns iðkendum (57%) og 3 karlkyns (43%).

Æfingátími er sá sami fyrir bæði stúlkur og drengi, 40 mínútna kennslutími á einstakling einu sinni í viku, frá desember til maí. Allir hafa ókeypis aðgang að allri æfingaaðstöðu félagsins sem er reiðhöll, kennslugerði, hringvöllur og reiðvegir. Allir fá úthlutað æfingátíma og er samráð haft við iðkendum um hvaða tími er bestur fyrir þá.




Mynd 1. Kynjaskipting iðkenda Brimföxa

4.1.2 Starfsfólk og stjórnir

Það eru 14 sjálfboðaliðar sem gefa kost á sér í hin ýmsu störf og eru í nefndum. Þetta eru 7 konur og 7 karlar og því jafnt kynjahlutfall. Ein konan er með erlent ríkisfang (7% sjálfboðaliða).

Þjálfarar eru aðkeyptir því krafa er um reiðkennaramenntun. Á þessu ári, 2023, eru kennarar félagsins fjórir, þrjár konur (75%) og einn karl (25%), samkvæmt upplýsingum frá félaginu. Allir þjálfarar fá sömu laun óháð kyni.

Í stjórn eru þrjár konur og tveir karlar og í varastjórn eru kynjahlutföllin jöfn, einn karl og ein kona. Ein manneskja af erlendum uppruna er í nefnd. Formaður stjórnar er kona.



Mynd 2. Kynjahlutföll í stjórn og varastjórn Brimfaxa

Samkvæmt upplýsingum frá félaginu hefur ekki verið farið í sérstakt átak til að auka fjölbreytileika í stjórnnum eða stuðla að þátttöku ólíkra hópa á aðalfundum félagsins. Félagið hefur hins vegar síðastliðinn þrjú ár sótt í að hafa ungt fólk með í stjórn og að þau séu talsmenn fyrir yngra fólkið í félaginu. Félagið er allt árið að stuðla að þátttöku ólíkra hópa á viðburði félagsins, fólk í stjórn og nefndum leggur sig mikið fram við að viðburðir nái til allra.

4.1.3 Jafnréttisstefna

Jafnréttisstefna er í vinnslu hjá félaginu. Samkvæmt upplýsingum frá félaginu verður hún vonandi tilbúin fyrir árslok 2023 en félagið og Grindavíkurbær eru samningsbundin og því fylgir Brimfaxi ákvæðum í jafnréttisstefnu Grindavíkurbæjar, s.s. um kynjahlutfall í stjórnnum og nefndum.

Stefnt er að því að jafnréttisstefnan verði kynnt öllum félagsmönnum og aðstandendum þeirra. Jafnframt er stefnt að því að hún hafi aðgerðaáætlun, tímamörk og ábyrgð. Henni verði skilað til Grindavíkurbæjar með skilum ársreikninga.

4.1.4 Siðareglur og hegðunarviðmið

Siðareglur eru til, þær eru festar á vegg í reiðhöllinni/félagsaðstöðunni þar sem allir sjá. Siðareglurnar voru samþykktar á stjórnarfundum þann 10. maí 2016. Þær eru ekki á heimasíðu félagsins.

Markmið siðareglna félagsins er að stuðla að góðum samskiptum og vinnubrögðum á vettvangi félagsins, sem einkennist af heiðarleika, virðingu og vandvirkni. Sanngirni og orðheldni skulu vera viðhöfð segir í siðareglunum og að þær leggi grunn að þeirri starfsemi sem fer fram í félaginu.

Þær ná til foreldra/forráðamanna, iðkenda, þjálfara/reiðkennara, sjálfboðaliða og stjórnarmanna/starfsmanna.

4.1.5 Iðkendur af erlendum uppruna

Engir iðkendur undir 21 árs aldri eru af erlendum uppruna hjá félaginu. Þetta er þrátt fyrir að 10,57% barna í sveitarfélaginu séu af erlendum uppruna.

Í kynningarefni og upplýsingum til iðkenda/aðstandenda er texti hafður eins einfaldur og hægt er, ekki eru notuð önnur tungumál en íslenska en enska hefur verið notuð á Facebook síðu félagsins.

Engin móttökuáætlun er til fyrir börn og unglinga af erlendum uppruna. Boð eru hins vegar send út sérstaklega til innflytjenda um viðburði og þau hvött til að taka þátt og vera með.

4.1.6 Hinsegin iðkendur

Í svörum félagsins kemur fram að þrjú klósett séu á svæðinu, tvö ókyngreind og eitt aðgengilegt fyrir fatlaða. Engin sturta er á svæðinu né búningsklefi.

Ekki hefur verið komið á sérstökum skipulögðum stuðningi við hinsegin iðkendur innan félagsins og ekki hafa verið haldin fræðslunámskeið um eða fyrir hinsegin iðkendur. Í umhverfinu er ekkert hinseginvænt s.s. regnbogafáni eða límmiði.

Eineltisfulltrúi er hjá félaginu, ef upp skyldu koma mál sem eru trúnaðarmál og á hún að vinna máliða áfram með fulltrúa Grindavíkurbæjar. Engin slík atvik hafa komið upp, mál varðandi hinsegin iðkendur verða tekin fyrir við t.d. áframhaldandi vinnslu á jafnréttisskýrslu og almenna vakningu gagnvart hinsegin iðkendum.

Stjórnendur félagsins munu styðja við einstaklinginn á jafnan hátt og stutt er við aðra, ef barn kemur út sem trans.

4.1.7 Fatlaðir iðkendur

Iðkanda sem þarf á aðstoðarmanneskju að halda er leyft að taka hana með ef hún óskar þess.

Fatlaðir einstaklingar hafa tækifæri til að æfa með félaginu þar sem sérstakir viðburðir eru haldnir sem krefjast ekki líkamlegs eða andlegs þreks.

Aðgengi er gott, stór sjálfvirk hurð er á tveimur stöðum í reiðhöll. Ekki er hjólastólaaðgengi við reiðhöll en í smíðum er skjólhýsi ásamt hjólastólarampi. Á salernum er pláss fyrir aðstoðarmanneskju/manneskjur.

Það er engin sérstök skiptiaðstaða, þar sem iðkendur eru í fötunum sínum þegar þau mæta á æfingar, en ef þörf er á að skipta um föt þá er stórt rými þar sem rúmast aðstoðarmanneskja/manneskjur. Eins og kom fram að ofan er salerni fyrir fatlaða.

4.1.8 Efnahagur

Niðurgreitt er fyrir börn og unglinga í félaginu, ungmenni geta sótt um niðurgreiðslur og boðið er upp á skiptingu greiðslna.

4.1.9 Umhverfi og fræðsla

Fræðsluáætlun er gerð fyrir hvert komandi ár.

Engar myndir eru á veggjum nema af siðareglum félagsins.

4.1.10 Samantekt Brimfaxi

- 59% iðkenda eru kvenkyns og 41% karlkyns
- Stjórn félagsins er nokkuð einsleit hvað varðar uppruna
- 67% stjórnarmeðlima hjá félaginu eru konur og 33% karlar
- Hjá Brimfaxa æfa stúlkur og drengir í sömu flokkum við sömu aðstæður
- Félagið greiðir sömu laun fyrir þjálfun óháð kyni
- Ekki hefur verið farið í séstakt átak til að auka fjölbreytileika í stjórnnum eða stuðla að þátttöku ólíkra hópa á aðalfundum félagsins
- Jafnréttisstefna er í vinnslu hjá félaginu
- Stefnt er á að jafnréttisstefnan verði kynnt öllum félagsmönnum og aðstandendum þeirra.
- Stefnt er að jafnréttisstefnan hafi aðgerðaáætlun, tímamörk og ábyrgð
- Stefnt er á að skila til Grindavíkurbæjar jafnréttisstefnu með skilum ársreikninga
- Félagið hefur sett sér siðareglur og eru þær festar á vegg í reiðhöllinni/félagsaðstöðunni þar sem allir sjá en þær eru ekki rafrænar á heimasíðunni
- Félagið er einungis með upplýsingar á íslensku á heimasíðu sinni
- Kynningarefni félagsins og upplýsingar til iðkenda/aðstandanda eru einungis á íslensku, texti er hafður eins einfaldur og hægt er, en samskipti á ensku hafa farið fram á Facebook síðu félagsins
- Það eru salerni til staðar fyrir alla iðkendur, meðal annars ókyngreind
- Félagið hefur ekki staðið fyrir sérstakri fræðslu fyrir starfsfólk er snýr að því að sinna hinsegin iðkendum sérstaklega
- Ekkert í umhverfinu gefur beint til kynna að félagið sé hinseginvænt
- Ekki er hjólastólaaðgengi við reiðhöll en í smíðum er skjólhýsi ásamt hjólastólarampi; það er pláss fyrir aðstoðarmanneskju/manneskjur
- Það er engin sérstök skiptiaðstaða, þar sem iðkendur eru í fötunum sínum, en ef þörf er á að skipta um föt þá er stórt rými aðgengilegt þar sem rúmast aðstoðarmanneskja/manneskjur

- Fræðsluáætlun er gerð fyrir hvert komandi ár


4.2 Golfklúbbur Grindavíkur

Golfklúbbur Grindavíkur (GG) var stofnaður árið 1981.

4.2.1 Iðkendur

Drengir eru fjölmennari meðal iðkenda í golfi á aldrinum 5-16 ára, skráðir eru 46 drengir eða 90,2% iðkenda en skráðar stúlkur eru 5 eða 9,8%.

Yfir vetrarmánuðina dettur fjöldinn niður samkvæmt upplýsingum frá félaginu og allir árgangar æfa saman. Í vetur hafa þetta verið 5 stúlkur (33,3%) og 10 strákar (66,7%). Yfir sumartímann er starfinu skipt niður í eftirfarandi hópa (en ekki fengust gögn um kynjaskiptingu eftir hópum síðastliðið sumar): 7-9 ára, 10-12 ára og 13-16 ára.



Mynd 3. Kynjaskipting iðkenda Golfklúbbs Grindavíkur

Æfingartími er sá sami fyrir bæði stúlkur og drengi, drengir og stúlkur æfa saman og æfa á jafn góðum völlum og á jafn góðum tímum, samkvæmt upplýsingum frá félaginu.


Jafnræði ríkir milli kynjanna varðandi verðlaunagripi og samstarfs- og styrktaraðilum er kynnt stefna félagsins um að jafnræðis skuli gætt milli kynja og greina.

Gerðar eru sömu ráðningarkröfur til þjálfara drengja- og stúlkna. Sömu laun eru greidd fyrir þjálfun hjá strákum og stelpum.

Forvarnaráætlun er til staðar.

4.2.2 Starfsfólk og stjórnir

Eini skráði starfsmaður félagsins á vefsíðunni er framkvæmdastjórinn sem er karlmaður. Samkvæmt svörum frá honum eru engir starfsmenn af erlendum uppruna. Í stjórn Golfklúbbs Grindavíkur eru fjórir karlar og þrjár konur. Formaðurinn er karl.



Mynd 4. Kynjahlutföll í stjórn Golfklúbbs Grindavíkur

Ekki hefur verið farið í sérstakt áttak til að auka fjölbreytileika í stjórnnum eða stuðla að þátttöku ólíkra hópa á aðalfundum félagsins.

4.2.3 Jafnréttisstefna

Það er til samþykkt jafnréttisáætlun sem er í gildi. Samkvæmt upplýsingum frá félaginu hangir jafnréttisáætlunin uppi á vegg í golfskálanum og í hverjum samningi sem er gerður er sérstakt ákvæði sem gefur skýrt til greina hver stefna golfklúbbsins er. Aðgerðaáætlun, tímamörk og ábyrgð er hins vegar ekki skilgreind í jafnréttisstefnunni.

Einnig er til staðar aðgerðaáætlun gegn einelti, sem og viðbragðsáætlun vegna áreitni eða ofbeldismála.

4.2.4 Siðareglur og hegðunarviðmið

Siðareglur eru til staðar, þær ná til leikmanna, stjórnar, þjálfara og sjálfboðaliða.

Samkvæmt upplýsingum frá félaginu hanga þær uppi á vegg í golfskálanum, en þær er ekki að finna á heimasíðunni.

4.2.5 *Iðkendur af erlendum uppruna*

Hlutfall iðkenda með erlent ríkisfang er 0%. Ekki hefur verið passað sérstaklega upp á fjölbreytileika í myndmálinu í kynningarefni (hvað varðar kyn, uppruna, kynhneigð og fötlun).

Ekki er til staðar móttökuáætlun fyrir börn og unglinga af erlendum uppruna.

Samkvæmt upplýsingum frá félaginu er skilningur á því innan félagsins að það geti haft hlutverk í því að gera innflytjendur virka í samfélaginu og bjóða alla velkomna.

Hlutfall innflytjenda á meðal starfsfólks, þjálfara, sjálfboðaliða og í foreldrafélögum er 0%.

Tekin er fram í jafnréttisáætlun þau viðmið að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn hafi ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem kynja- eða kynþáttamisrétti gagnvart öðrum, hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan félagsins. Áhersla er lögð á að iðkendur og aðrir félagsmenn geri ekki athugasemdir við litarhátt, talsmáta eða annað í fari iðkenda, ættingja þeirra eða keppinauta sem skilja má sem særandi athugasemd um uppruna þeirra.

Jafnframt eru lögð fram þau viðmið að iðkendur og aðrir félagsmenn séu meðvitaðir um menningarmun, hugsanlega vanþekkingu innflytjenda á íslenskum aðstæðum og úrræðaleyfi gagnvart þeim. Einnig að iðkendur og aðrir félagsmenn leggi sig fram um að aðstoða innflytjendur við aðlögun að félagsstarfi klúbbsins.

Félagið er einungis með upplýsingar á íslensku á heimasíðu sinni en það er að opna nýja heimasíðu á vormánuðum þar sem allt efni verður bæði á íslensku og ensku

4.2.6 *Hinsegin iðkendur*

Samkvæmt upplýsingum frá GG er ekki rými fyrir alla iðkendur (þ.e. í boði ókyngreind aðstaða eins og klósett, sturtur og annað). Í golfskálanum eru ekki sturtur en það eru tvö klósett karla og kvenna.

Starfsfólk fær ekki hinsegin fræðslu til að geta betur sinnt hinsegin iðkendum og ekkert hinseginvænt er í umhverfinu.

Félagið hefur ekki sett sér neina áætlun sem snýr að hinsegin iðkendum en að mæta iðkandanum þar sem hann er og reyna að sinna öllum iðkendum eins vel og hægt er. Ekki eru ferlar til staðar ef barn kemur út sem trans.

4.2.7 *Fatlaðir iðkendur*

Félagið reynir að taka á móti öllum iðkendum sem þurfa á sér þjónustu að halda.

Fatlaðir hafa tækifæri til að stunda æfingar með félaginu.

Aðgengið er gott að golfskálanum, völlurinn er svo annað mál, samkvæmt upplýsingum frá félaginu.

4.2.8 Efnahagur

GG á og getur skaffað búnað fyrir þá sem hafa áhuga á því að prófa golf og hafa kappkostað að fjármunir eigi ekki að stoppa börn að leika golf í Grindavík.

4.2.9 Umhverfi og fræðsla

Fræðsluáætlun er til hjá félaginu.

Einu myndirnar sem eru uppi á vegg eru golftengdar myndir, plattar með nöfnum sigurvegara meistaramóts golfklúbbsins og eitthvað slíkt.

4.2.10 Samantekt GG

- 90,2% skráðra iðkenda, 5-16 ára, eru drengir, 9,8% stúlkur
- Yfir veturinn eru drengir 66,7% iðkenda en stúlkur 33,3%
- Stjórn félagsins er nokkuð einsleit hvað varðar uppruna
- 57% stjórnarmeðlima hjá félaginu eru karlar og 43% konur
- Hjá GG æfa stúlkur og drengir í sömu flokkum við sömu aðstæður
- Félagið greiðir sömu laun fyrir þjálfun óháð kyni
- Ekki hefur verið farið í séstakt áttak til að auka fjölbreytileika í stjórnnum eða stuðla að þátttöku ólíkra hópa á aðalfundum félagsins
- Jafnréttisáætlun er til hjá félaginu. Hún hangir uppi á vegg í golfskálanum og í hverjum samningi sem er gerður er sérstakt ákvæði sem gefur skýrt til greina hver stefna golfklúbbsins er
- Jafnréttisáætlunin er ekki með aðgerðaáætlun, tímamörk né ábyrgð
- Henni er ekki skilað til Grindavíkurbæjar með skilum ársreikninga
- Félagið hefur sett sér siðareglur, þær hanga uppi á vegg í golfskálanum
- Félagið er einungis með upplýsingar á íslensku á heimasíðu sinni en það er að opna nýja heimasíðu á vormánuðum, þar sem allt efni verður bæði á íslensku og ensku
- Það eru ekki ókyngreind salerni/sturtur í boði
- Félagið hefur ekki staðið fyrir sérstakri fræðslu fyrir starfsfólk er snýr að því að sinna hinsegin iðkendum sérstaklega
- Ekkert í umhverfinu gefur beint til kynna að félagið sé hinseginvænt
- Aðgengið er gott að golfskálanum, völlum er svo annað mál
- Fræðsluáætlun er til staðar

4.3 UMFG

Ungmennafélag Grindavíkur var stofnað 1935.

4.3.1 Iðkendur


Samkvæmt upplýsingum frá UMFG eru 677 iðkendur, fæddir á árunum 2003-2016, 396 (58%) þeirra eru karlkyns og 281 (42%) kvenkyns en kynjahlutfallið er mismunandi eftir íþróttum.

Í fótbolta eru alls 320 iðkendur fæddir á árunum 2003-2016, 196 iðkendur eða 61% eru karlkyns en 124 eða 39% eru kvenkyns. Karlkyns iðkendur eru fleiri en kvenkyns iðkendur í öllum árgöngum nema 2003 og 2007.

Í körfubolta eru alls 273 iðkendur, fæddir á árunum 2003-2016, 156 iðkendur eða 57% eru karlkyns en 117 eða 43% eru kvenkyns. Karlkyns iðkendur eru fleiri en kvenkyns iðkendur í öllum árgöngum nema 2005, þar sem þau eru jafn mörg, og 2006, 2010, 2012, 2013 þar sem kvenkyns iðkendur eru fleiri.

Afar jöfn kynjahlutföll eru í sundi en alls eru 67 iðkendur fæddir á árunum 2009-2016, 34 iðkendur eða 50,7% eru karlkyns en 33 eða 49,3% eru kvenkyns. Jafn margir kvenkyns og karlkyns iðkendur eru í árgöngunum 2010, 2012 og 2016 Fleiri karlkyns iðkendur eru í árgöngunum 2009 og 2015 en fleiri kvenkyns iðkendur eru í árgöngunum 2011, 2013 og 2014.

Í júdó eru 17 iðkendur, fæddir á árunum 2010-2016, 10 iðkendur eða 59% eru karlkyns en 7 iðkendur eða 41% eru kvenkyns. Jafn margir kvenkyns og karlkyns iðkendur eru í 2013 árgönginum en annars eru karlkyns iðkendur fleiri en kvenkyns iðkendur í öllum árgöngum fyrir utan árið 2010 og 2014.



Mynd 5. Kynjaskipting iðkenda UMFG

Samkvæmt upplýsingum frá UMFG er æfingatími sá sami innan hvernar deildar óháð kyni. Það getur stundum verið mismunandi lengd á æfingatímum eftir íþróttgreinum en ekki er gerður greinarmunur á æfingatíma eða lengd æfinga innan hvernar greinar. Sérfræðingar hjá RHA báru

tímanna saman fyrir stærstu greinarnar, körfubolta og knattspyrnu og töldu lengdina og tímana mjög svipaða óháð kyni. Sama aðstaða er fyrir kynin í öllum íþróttagreinum.

Jafnframt er reynt að gæta jafnræðis með æfingátíma hjá kynjum í öllum íþróttagreinum.

Eftir bestu vitneskju eru veittir sambærilegir verðlaunagripir eftir kynjum í þeim viðburðum sem félagið stendur að. Sömuleiðis á uppskeruhátíðum hjá meistaraflokkum.

4.3.2 Starfsfólk og stjórnir

Talsvert hallar á konur í stjórnnum deilda UMFG. Í töflu 1 má sjá kynjahlutföll eftir deildum UMFG og af hvaða kyni formaður er.¹ Í aðalstjórn er skiptingin 60% karlar og 40% konur. Fimleikadeildin (konur), hjóladeildin (karlar), júdódeildin (karlar), píludeildin (karlar) og sunddeildin (konur) eru með 100% af sitthvoru kyninu. Í stjórn knattspyrnudeildar er aðeins ein kona (14,3%) og í varastjórn þar eru bara karlar. Í stjórn körfuknattleiksdeildar eru 57% karlar og 43% konur og herra hlutfall kvenna (71%) er að finna í barna og unglingaráði. Í stjórn taekwondodeildar eru tvær konur og einn karl. Jafnframt er fáa íbúa af erlendum uppruna að finna í stjórnnum deildanna.

Tafla 1. Kynjahlutföll stjórna UMFG

	Karlar	Konur	Formaður
Aðalstjórn	60%	40%	Kona
Fimleikadeild			
Stjórn fimleikadeildar	0%	100%	Kona
Hjóladeild			
Stjórn hjóladeildar	100%	0%	Karl
Júdódeild			
Stjórn júdódeildar	100%	0%	Karl
Knattspyrnudeild			
Stjórn knattspyrnudeildar	86%	14%	Karl
Varastjórn knattspyrnu deildar	100%	0%	
Mfl. Ráð karla	100%	0%	Karl
Mfl. Ráð kvenna	67%	33%	Karl
Unglingaráð knattspyrnudeildar	57%	43%	Karl
Körfuknattleiksdeild			
Stjórn körfuknattleiksdeildar	57%	43%	Karl
Barna og unglingaráð	29%	71%	Kona
Pílufélag			
Stjórn pílufélags	100%	0%	Karl
Sunddeild			
Stjórn sunddeildar	0%	100%	Kona

¹ Upplýsingarnar í töflunni byggja á upplýsingum á vef UMFG, í einhverjum tilfellum eru stjórnirnar ekki merktar með ártali eða merktar með ártali síðasta árs og því gætu hafa orðið einhverjar breytingar. Ekki fengust upplýsingar í tæka tíð frá framkvæmdastjóra til þess að staðfesta það.

Samkvæmt svörum frá félaginu þá sér hver deild fyrir sig um að semja um launakjör hjá starfsfólki sínu, s.s. þjálfara. Almenn er deildir með launaskrá miðað við flokka og þar eiga laun að vera sambærileg en verkefni geta verið mismikil og flokkar t.d. misstórir eða tímafjöldi í mánuði misjafn. Það getur því verið mismunur á launum hjá starfsfólki innan deilda félagsins sem skýrist t.d. af þessum þáttum.

Almennt séð er ekki gert upp á milli kynja við ákvörðun á launum einstaklinga hjá félaginu. Frekar er horft til fyrri starfsreynslu eða umfangi flokks/starfs við ákvörðun launa. Flestar deildir eru annað hvort með fasta launaflokka á flokk eða greiða eftir tímafjölda.

Laun þjálfara eiga ekki að vera misjöfn hjá deildum félagsins eftir hvort það sé verið að þjálfra drengja- eða stúlknaflökka hjá yngri flokkum. Eins og gengur geta verið mismunandi ástæður fyrir því að einhverjir þjálfarar séu á hærri launum og vegur starfsreynsla þar þyngst. Hins vegar er launamunur þegar kemur að karla- og kvennaliðum í meistaraflokkum. Samkvæmt upplýsingum frá UMFG er það staðreynd hjá flestum félögum.

Það er mismunandi eftir samningi hvers og eins einstaklings hvaða hlunnindi þjálfarar fá. Það er í raun óháð kyni en fer frekar eftir búsetu eða óskum hvers og eins.

Allir þjálfarar hjá félaginu hafa tækifæri til endurmenntunar og styður félagið við bakið á öllum þjálfurum til að sækja sér menntun sem getur nýst þeim í starfi á vegum félagsins.

Almennt er kallað eftir meðmælum hjá starfsfólki sem er ráðið inn til félagsins. Það er þó mismunandi eftir deildum. Félagið er í samvinnu við UMFÍ varðandi sakavottorð þjálfara og skilar á hverju ári inn þjálfaralista félagsins til að kanna stöðu með sakavottorð starfsfólks.

Félagið er ekki með nákvæma tölu á hlutfalli innflytjenda meðal starfsfólks. En félagið er með 7 þjálfara við störf hjá félaginu sem eru ekki af íslenskum uppruna. Hlutfall innflytjenda meðal sjálfboðaliða eða í starfi foreldrafélaga er mjög lágt.

Ekki hafa verið framkvæmdar launaúttektir á vegum félagsins undanfarið ár, þannig að erfitt er að segja nákvæmlega til um hvort raunverulegt launajafnrétti ríki. Þó er stefnt að því að framkvæma þær haustið 2023. Þjálfarar eru almennt launþegar hjá félaginu, hlutfallið er u.þ.b. 70% launþegar og 30% verktakar. Skrifstofa UMFG greiðir að hluta laun þjálfara á vegum félagsins. Stefnt er að því að skrifstofa sjái alfarið um allar launagreiðslur á næstu árum, með auknum starfsmannafjölda á skrifstofu UMFG.

Samkvæmt upplýsingum frá félaginu hefur það verið mjög erfitt að fá fólk til að koma inn í stjórnir deilda félagsins þannig að það eru allir velkomnir til starfa hjá félaginu. Erfitt hefur verið að fá fólk af erlendum uppruna til að gefa sig í þessi sjálfboðaliðastörf en það gæti verið góð hugmynd að fara einmitt í átak til að laða fleiri aðila til þátttöku.

4.3.3 Jafnréttisstefna

UMFG hefur sett sér jafnréttisstefnu. Jafnréttisstefna UMFG nær til iðkenda, þjálfara, stjórna, sjálfboðaliða og allra þeirra sem koma að starfinu fyrir félagið. Stefnan gildir í allri starfsemi félagsins og er endurskoðuð og lagfærð er þurfa þykir. Stefnan er birt á heimasíðunni og er merkt árinu 2021.

Stefnan er aðgerðabundin og reglulega verður gerð úttekt á stefnunni og farið yfir markmið hennar og stöðu helstu þátta. Í stefnunni er skilgreint hver ber ábyrgð á tilteknum aðgerðum/mælingum og sett eru tímamörk, t.d. mælingar tvisvar á ári. Ekki er gildistími á stefnunni.

Jafnréttisstefnan hefur verið kynnt öllum deildum félagsins samkvæmt svörum frá félaginu. Hún er send í upphafi haustannar á yfirþjálfara sem senda út á sína þjálfara í deildum félagsins.

4.3.4 Siðareglur og hegðunarviðmið

Siðareglur félagsins eru aðgengilegar á heimasíðunni undir UMF > Lög og samþykktir > Siðareglur UMFG. Þær eru einnig aðgengilegar undir útgefið efni á síðunni. Reglurnar tóku gildi 2. maí 2013. Ef til vill er því tilefni til endurskoðunar í ljósi þess að þær eru orðnar tíu ára gamlar.

Staða siðareglna er mismunandi, allt frá því að vera leiðbeinandi yfir í það að hafa refsiaðkvæði af ýmsum gerðum. Fram kemur á vefsíðu UMFG að í tilfelli íþróttafélags er ekki þörf á að hafa refsiaðkvæði þar sem þau er að finna í keppnisreglum einstakra íþróttageina.

Samkvæmt svari frá félaginu eru siðareglurnar aðgengilegar á heimasíðu félagsins og ber þjálfurum félagsins að kynna sér þær í upphafi hverrar annar. Íþróttafélagið er að skoða að senda siðareglur og jafnréttisáætlun út til þjálfara í deildum félagsins í upphafi haustannar þegar nýir þjálfarar eru að koma til starfa hjá félaginu. Að auki eru siðareglur aðgengilegar í sölum íþróttamannvirkja félagsins.

Á forsíðu heimasíðu UMFG er hnappur til að tilkynna óæskilega hegðun, síðan með upplýsingum um að tilkynna er dagsett þann 26. september 2021. Skýrt er frá ferlunum í textanum.

Slóð er fyrir reglur gegn einelti á síðunni en engan texta er að finna þar.

4.3.5 Iðkendur af erlendum uppruna

Hlutfall iðkenda með erlent ríkisfang í félaginu er u.þ.b. 3-5%. Þetta er talsvert lægra en hlutfall barna af erlendum uppruna sem er 10,57%. Samkvæmt upplýsingum frá UMFG eru flestir iðkendur af erlendum uppruna í júdó eða um 20% iðkenda á aldrinum 6-16 ára.

Mikill meirihluti af þeim upplýsingum sem félagið sendir frá sér er á íslensku. Forsvarsmenn félagsins hafa reynt að setja helstu upplýsingar frá félaginu einnig upp á ensku og pólsku til að ná til þeirra hópa sem ekki skilja íslensku. Með tilkomu Google Translate hefur upplýsingamiðlun yfir á önnur tungumál á heimasíðu félagsins stóraukist á jákvæðan hátt samkvæmt upplýsingum frá félaginu.

Heimasíðan er bara á íslensku.

Félagið hefur ekki farið í sérstaka vinnu við að skoða myndmálið í kynningarefni félagsins gagnvart því að passa upp á fjölbreytileika.

Félagið er ekki með sérstaka móttökuáætlun fyrir börn og unglunga af erlendum uppruna en vinnur náið með Grindavíkurbæ að því að taka á móti öllum þeim iðkendum sem vilja stunda íþróttir hjá félaginu.

Félagið hefur markvisst reynt að ná til þessa hóps til að fá börn og unglunga til að mæta á æfingar hjá félaginu og einnig að fá fólk af erlendum uppruna til að mæta á viðburði hjá félaginu. Félagið gerir sér grein fyrir mikilvægi sínu við að aðstoða fólk af erlendum uppruna til að efla sig samfélagslega í gegnum þátttöku í íþróttum. Meðal annars eru æfingagjöld iðkenda meðal þeirra lægstu á landinu sem hafa stuðlað að aukinni þátttöku barna í íþróttastarfi félagsins.

4.3.6 *Hinsegin iðkendur*

Það eru salerni og klefar til staðar fyrir alla iðkendur, meðal annars ókyngreind, en ekki alls staðar á æfingasvæðum.

Félagið hefur ekki staðið fyrir sérstakri fræðslu fyrir starfsfólk er snýr að því að sinna hinsegin iðkendum sérstaklega.

Félagið hefur stundum flaggað regnbogafána með merki Grindavíkurbæjar á viðburðum hjá félaginu.

Félagið hefur ekki sett sér neina áætlun sem snýr að hinsegin iðkendum annað en að mæta iðkandanum þar sem hann er og reyna að sinna öllum iðkendum eins vel og hægt er, óháð kynferði. Komi upp tilfelli þar sem óskað er eftir meiri stuðningi þá munu félagið og deildir félagsins vinna að því ásamt Grindavíkurbæ.

Félagið hefur ekki sett sér neina aðgerðaáætlun er varðar stuðning við börn sem koma út sem trans. Í tilfellum sem þessum er félagið mjög opið fyrir samvinnu við Grindavíkurbæ og fyrir þeirri þjónustu sem sveitarfélagið veitir, t.d. með stuðningsfulltrúum o.s.frv. sem fylgja í einhverjum tilfellum iðkendum með sérþarfir á æfingar.

4.3.7 *Fatlaðir iðkendur*

Félagið reynir að taka á móti öllum iðkendum sem þurfa á sérþjónustu að halda. Félagið tekur aðstoðarmanneskjum með iðkendum fagnandi og eru þær nauðsynlegar í einhverjum tilfellum svo að hægt sé að halda úti æfingum.

Fatlaðir hafa tækifæri til að stunda æfingar með félaginu og er það gert í einhverjum tilfellum. UMFG hefur reynt að koma til móts við fatlaða iðkendur. Félagið hefur ekki haldið úti sérstökum æfingum fyrir fatlaða eða hreyfihamlaða iðkendur sökum skorts á fjölda þátttakenda. Íþróttafélagið Nes sem er starfrækt í Reykjanesbæ hefur sérhæft sig í íþróttastarfi fyrir fatlaða og þroskaskerta og hafa

margir iðkendur úr Grindavík fundið sig vel eða jafnvel betur í þeirra starfi. UMFG er hins vegar alltaf tilbúið að veita fötluðum einstaklingum þjónustu eins vel og hægt er hverju sinni.

Almennt er aðgengi fyrir fatlaða í íþróttamannvirkjum Grindavíkur nokkuð gott. Gott aðgengi er að íþróttahúsum, líkamsrækt og sundlaug. Hins vegar mætti aðgengi fyrir fatlaða vera betra á knattspyrnusvæði þar sem ekki er búið að ganga frá svæði sem snýr að inngangi á knattspyrnuvöll og að knattspyrnuhúsi sem félagið hefur til umráða. Þar er þörf á að bæta aðgengi.

4.3.8 Efnahagur

Félagið hefur í samráði við Grindavíkurbæ ákveðið að fella niður æfingagjöld hjá efnaminni iðkendum til að tryggja að allir iðkendur hafi tækifæri á að stunda íþróttir. Félagsþjónusta Grindavíkurbæjar sér um ráðgjöf við foreldra og forráðamenn sem að þessu snýr.

4.3.9 Umhverfi og fræðsla

Knattspyrnudeild Grindavíkur er með uppeldisáætlun virka í sinni starfsemi sem tekur meðal annars til fræðslu fyrir þjálfara og starfsfólk. Að öðru leyti er félagið með forvarnarnefnd sem sinnir meðal annars skipulagningu á viðburðum er snúa að fræðslu fyrir iðkendur, þjálfara, foreldra og starfsfólk².

Það hanga mjög fáar myndir uppi á veggjum í mannvirkjum félagsins en nú er að störfum sögunefnd á vegum félagsins sem hyggst reyna að koma sögu félagsins í betra horf á veggjum félagsins. Samkvæmt upplýsingum frá félaginu er þá einnig tækifæri til að skoða uppsetningu á myndefni er snýr að kyni, uppruna/fjölbreytileika, fötlun o.s.frv.

Samantekt UMFG

- 58% iðkenda eru karlkyns og 42% kvenkyns
- Stjórnir deilda félagsins eru nokkuð einsleitar hvað varðar kyn og uppruna
- Ekki hefur verið farið í séstakt áttak til að auka fjölbreytileika í stjórnnum eða stuðla að þátttöku ólíkra hópa á aðalfundum félagsins en íþróttafélagið telur það geta verið góða hugmynd að fara einmitt í áttak til að laða fleiri aðila til þátttökuHjá UMFG æfa stúlkur og drengir í sömu flokkum við sömu aðstæður
- Félagið greiðir hærra laun fyrir þjálfun á mfk. karla en kvenna
- Ekki hafa verið framkvæmdar launaúttektir á vegum félagsins undanfarið ár en stefnt að því haustið 2023Félagið er með jafnréttisstefnu sem er á heimasíðu félagsins. Stefnan mætti þó vera sýnilegri, t.d. vera á forsíðunni
- Jafnréttisstefnan hefur verið kynnt öllum deildum félagsins. Hún er send í upphafi haustannar á yfirþjálfara sem senda út á sína þjálfara í deildum félagsins
- Félagið hefur sett sér siðareglur og ber þjálfurum að kynna sér þær í upphafi hverrar annar

² <https://umfg.is/knattspyrna/21813-uppeldisaaetlun-knattspyrnudeildar/>

- Félagið er einungis með upplýsingar á íslensku á heimasíðu sinni. Forsvarsmenn félagsins hafa þó reynt að setja helstu upplýsingar frá félaginu einnig upp á ensku og pólsku til að ná til þeirra hópa sem ekki skilja íslensku
- Það eru salerni og klefar til staðar fyrir alla iðkendur, meðal annars ókyngreind
- Félagið hefur ekki staðið fyrir sérstakri fræðslu fyrir starfsfólk er snýr að því að sinna hinsegin iðkendum sérstaklega
- Félagið sýnir hinsegin samfélaginu stuðning með því að flagga regnbogafána með merki Grindavíkurbæjar á viðburðum hjá félaginu. Að öðru leyti er ekkert í umhverfinu sem gefur beint til kynna að félagið sé hinseginvænt
- Almennt er aðgengi fyrir fatlaða í íþróttamannvirkjum Grindavíkur nokkuð gott. Hins vegar mætti aðgengi fyrir fatlaða vera betra á knattspyrnusvæði
- Engin fræðsluáætlun er hjá félaginu – fyrir utan uppeldisáætlun Knattspyrnudeildarinnar

5 Niðurstöður úr könnunum

Í þessum kafla verða heildarniðurstöður úr spurningakönnunum birtar og greindar eftir bakgrunnsbreytum, þ.e. hvort börn séu enn að æfa, íþrótt, aldri, kyni, uppruna og hvort barnið sé með skerðingu eða fötlun. Kaflinn skiptist í þrjá hluta, fyrsti hlutinn er könnun um íþróttastarf meðal foreldra, annar hluti um könnun um íþróttastarf meðal afrekshópa og þriðji hlutinn um könnun meðal foreldra um æskulýðsstarf.

5.1 Íþróttastarf – könnun meðal foreldra

Í heildina fengust 229 svör í spurningakönnun frá foreldrum barna sem stunda eða stunduðu íþróttastarf í Grindavík. Langstærsti hluti svarenda átti börn sem voru enn að æfa íþróttir (eða 89%). Fengust svör frá foreldrum barna í öllum þremur íþróttafélögum sem könnunin sneri að: UMFG, Golfklúbbi Grindavíkur og Brimfaxes. Foreldrar voru beðin um að svara einu sinni fyrir hverja íþrótt og fyrir hvert barn og því gætu sömu foreldrar hafa svarað könnuninni nokkrum sinnum.

Tafla 2 sýnir bakgrunn svarenda. Yfirgnæfandi fjöldi þeirra sem svaraði á barn sem stundar eða stundaði knattspyrnu, eða 113 næst vinsælasta íþróttin meðal þátttakenda var körfubolti með 62 svör. Mun færri svör bárust frá öðrum íþróttum og voru því flokkar sameinaðir í annað en undir því var sund, golf, hestamennska, fimleikar, píla, júdó og annað.

Aðeins fleiri svör eru fyrir drengi eða 129 svör á móti 99 svörum fyrir stúlkur. Ekkert foreldri svaraði fyrir barn sem er stálp þannig að aðeins er unnið út frá drengjum og stúlkum. Flestir foreldrar áttu barn af íslenskum uppruna (báðir foreldrar/forráðamenn íslenskir), eða ríflega 90%. Mjög fá svör bárust fyrir börn sem á tvo foreldra af erlendum uppruna og því var það sett saman við börn sem áttu annað foreldri af erlendum uppruna.

Í aldri ber að hafa í huga að aldur barnsins var reiknaður út frá hversu gömul þau verða á þessu ári (2023). Þannig að 5-6 ára eru þau börn sem eru enn í leikskóla, 7-10 ára eru þau börn sem eru á yngsta stigi grunnskóla, 11-13 ára eru á miðstigi og 14-19 ára eru þá börn sem eru á unglíngastigi og í framhaldsskóla. Þar sem fá svör bárust fyrir 17 ára og eldri var tekin sú ákvörðun að setja þau með efsta stigi grunnskóla.

Flestir foreldrar voru að svara fyrir börn sem æfa með drengjaflokkum eða 45%, síðan þar á eftir voru stúlknaflokkar eða 31% og loks blandaðir flokkar eða 24%.

Foreldrar voru beðnir að tilgreina hvort barnið hefði skerðingar eða fötlun en 82,1% foreldra sögðust ekki eiga barn með skerðingu eða fötlun.

Tafla 2. Bakgrunnur svarenda.

	Fjöldi	Hlutfall
Heild	229	100,0
Staða		
Er enn að æfa íþróttir	203	88,6%
Var að æfa íþróttir	26	11,4%
Íþrótt		
Knattspyrna	118	51,8%
Körfubolti	65	28,5%
Annað	45	19,7%
Aldur		
5- 6 ára	18	7,9%
7-10 ára	60	26,2%
11-13 ára	78	34,1%
14-19 ára	73	31,9%
Kyn barns		
Stúlka	99	43,4%
Drengur	129	56,6%
Flokkur		
Drengjaflokki	100	45,0%
Stúlknaflokki	69	31,1%
Blandaður flokkur	53	23,9%
Uppruni		
Íslenskur uppruni (báðir foreldrar)	208	90,8%
Erlendur (annað eða báðir foreldrar)	21	9,2%
Skerðing/fötlun		
Engin skerðing/fötlun	184	82,1%
Einhver skerðing/fötlun	40	17,9%

5.1.1 Viðhorf foreldra til jafnréttis kynja á æfingum

Fyrstu spurningarnar til foreldra barna í íþróttum könnuðu viðhorf þeirra til þess hvort börn þeirra fengu sömu eða jafnvel betri tækifæri en börn af öðrum kynjum í sinni íþrótt. Spurningarnar sneru að tækifærum til æfinga, gæðum æfingaaðstöðu, tækifærum til þess að keppa, hækni þjálfara og gæði æfingatíma.

Foreldrar voru beðnir um að meta tækifæri barna sinna til æfinga og bera saman við börn af öðrum kynjum. Tafla 3 sýnir niðurstöður fyrir fyrstu spurninguna sem var: Miðað við börn af öðrum kynjum (á sama aldri), eru/voru tækifæri barns míns til æfinga (t.d. með tilliti til fjölda æfinga)? Í heildina tóku 213 foreldrar afstöðu til spurningarinnar og 16 svöruðu veit ekki.


Þegar rýnt er í töfluna má sjá að foreldrar voru almennt sammála því að barnið fengi sömu tækifæri til æfinga og jafnaldrar af öðrum kynjum en breytileika má sjá eftir íþróttum. Sérstaklega má merkja óánægju hjá foreldrum barna sem æfa knattspyrnu en 12,4% töldu barn sitt fá frekar eða mikið verri tækifæri til æfinga en jafnaldrar af öðrum kynjum. Mikil ánægja virðist vera hjá foreldrum barna í körfubolta en merkja mátti einhverja óánægju meðal foreldra barna í öðrum íþróttum. Ef rýnt er í aldurinn má sjá að foreldrar barna 14-19 ára eru líklegastir til þess að svara frekar/mikið betri (22,7%) og frekar/mikið verri (12,1%).

Tafla 3. Miðað við börn af öðrum kynjum (á sama aldri), eru/voru tækifæri barns míns til æfinga (t.d. með tilliti til fjölda æfinga)?

			Hvorki betri				Fjöldi	Meðaltal
	Mikið betri	Frekar betri	né verri	Frekar verri	Mikið verri			
Heild	7,5%	11,3%	72,8%	7,0%	1,4%	213	2.8	
Staða								
Er enn að æfa íþróttir	7,8%	11,9%	72,5%	6,7%	1,0%	193	2.8	
Var að æfa íþróttir	5,0%	5,0%	75,0%	10,0%	5,0%	20	3.1	
Íþrótt								
Knattspyrna	4,4%	11,5%	71,7%	11,5%	0,9%	113	2.9	
Körfubolti	9,7%	14,5%	75,8%	0,0%	0,0%	62	2.7	
Annað	13,2%	5,3%	71,1%	5,3%	5,3%	38	2.8	
Aldur								
5- 6 ára	0,0%	6,7%	86,7%	0,0%	6,7%	15	3.1	
7-10 ára	7,3%	10,9%	76,4%	5,5%	0,0%	55	2.8	
11-13 ára	6,5%	11,7%	74,0%	6,5%	1,3%	77	2.8	
14-19 ára	10,6%	12,1%	65,2%	10,6%	1,5%	66	2.8	
Kyn barns								
Stúlka	8,8%	12,1%	67,0%	8,8%	3,3%	91	2.9	
Drengur	6,6%	10,7%	77,0%	5,7%	0,0%	122	2.8	
Flokkur								
Drengjaflokki	5,2%	12,5%	76,0%	6,3%	0,0%	96	2.8	
Stúlknaflokki	7,5%	13,4%	64,2%	11,9%	3,0%	67	2.9	
Blandaður flokkur	12,8%	6,4%	76,6%	2,1%	2,1%	47	2.7	
Uppruni								
Íslenskur uppruni (báðir foreldrar)	7,2%	11,9%	72,2%	7,2%	1,5%	194	2.8	
Erlendur (annað eða báðir foreldrar)	10,5%	5,3%	78,9%	5,3%	0,0%	19	2.8	
Skerðing/fötun								
Engin skerðing/fötun	8,9%	9,5%	71,6%	8,9%	1,2%	169	2.8	
Einhver skerðing/fötun	2,6%	20,5%	76,9%	0,0%	0,0%	39	2.7	

Foreldrar sem svöruðu frekar eða mikið verri voru beðnir um að útskýra nánar og sögðu foreldrar meðal annars að knattspyrnudeild Grindavíkur virtist gera greinamun á kynjum og tengslum. Talað var um skort á stöðugleika í þjálfun hjá stúlknaþóp og bent var á að fleiri aukaæfingar væru í boði fyrir strákana og að drengir fengju að æfa upp fyrir sig en ekki stúlkur. Einnig taldi eitt foreldri að drengirnir í knattspyrnunni fái alltaf betri þjálfara en stúlkurnar. Nú sé þó kominn góður þjálfari hjá stelpunum. Eitt foreldri gagnrýndi að stelpur væru teknar í leiki á æfingum án bolta og að allar stelpur væru saman þetta væri breiður aldur og mismunandi geta hjá þeim, á meðan strákum væri skipt meira niður og að þeir væru að gera æfingar með bolta. Æfingaaðstaðan var einnig gagnrýnd fyrir alla iðkendum.

Spurningin var greind fyrir foreldrar barna sem æfa/æfðu knattspyrnu, niður á kyn og má sjá á mynd 6 að foreldrar stúlkna eru líklegri til þess að telja tækifæri til æfinga vera frekar eða mikið verri (22,2%) samanborið við foreldra drengja (7,8%).



Mynd 6. Miðað við börn af öðrum kynjum (á sama aldri), eru/voru tækifæri barns míns til æfinga (t.d. með tilliti til fjölda æfinga)? (Knattspyrna)

Næsta spurning sneri að æfingaaðstöðu: Miðað við börn af öðrum kynjum (á sama aldri), er/var æfingaaðstaða og búnaður til æfinga hjá barninu mínu? Í heildina tóku 217 foreldrar afstöðu til spurningarinnar en 12 svöruðu veit ekki. Í töflu 4 má sjá niðurstöður, greindar eftir bakgrunnsbreytum. Foreldrar töldu yfirleitt að börn þeirra fengju jafn góðan aðgang að æfingaaðstöðu og búnaði til æfinga og börn af öðrum kynjum en 62% töldu börn sín hvorki vera með betri né verri aðstöðu en önnur börn. Einhvern breytileika má sjá milli félaga og aldurs en foreldrar elstu barnanna voru líklegri til þess að telja að aðstaðan væri frekar eða mikið verri (27,9%).

Foreldrar drengja voru líka að einhverju leyti líklegri til að telja aðstöðuna frekar eða mikið verri (17,8%).

Tafla 4. Miðað við börn af öðrum kynjum (á sama aldri), er/var æfingaaðstaða og búnaður til æfinga hjá barninu mínu?

	Mikið betri	Frekar betri	Hvorki betri né verri		Mikið verri	Fjöldi	Meðaltal
Heild	7,4%	12,4%	65,4%	7,4%	7,4%	217	2.9
Staða							
Er enn að æfa íþróttir	7,7%	12,8%	65,3%	7,7%	6,6%	196	2.9
Var að æfa íþróttir	4,8%	9,5%	66,7%	4,8%	14,3%	21	3.1
Íþrótt							
Knattspyrna	4,5%	10,8%	64,0%	10,8%	9,9%	111	3.1
Körfubolti	11,1%	15,9%	71,4%	1,6%	0,0%	63	2.6
Annað	9,3%	11,6%	60,5%	7,0%	11,6%	43	3.0
Aldur							
5- 6 ára	0,0%	0,0%	87,5%	6,3%	6,3%	16	3.2
7-10 ára	5,2%	20,7%	70,7%	1,7%	1,7%	58	2.7
11-13 ára	12,0%	9,3%	66,7%	5,3%	6,7%	75	2.9
14-19 ára	5,9%	11,8%	54,4%	14,7%	13,2%	68	3.2
Kyn barns							
Stúlka	8,2%	14,3%	66,3%	4,1%	7,1%	98	2.9
Drengur	6,7%	10,9%	64,7%	10,1%	7,6%	119	3.0
Flokkur							
Drengjaflokki	7,5%	10,8%	65,6%	8,6%	7,5%	93	3.0
Stúlknaflokki	5,8%	17,4%	66,7%	4,3%	5,8%	69	2.9
Blandaður flokkur	9,8%	9,8%	62,7%	7,8%	9,8%	51	3.0
Uppruni							
Íslenskur uppruni (báðir foreldrar)	6,6%	12,7%	66,0%	6,6%	8,1%	197	3.0
Erlendur (annað eða báðir foreldrar)	15,0%	10,0%	60,0%	15,0%	0,0%	20	2.8
Skerðing/fötlun							
Engin skerðing/fötlun	8,6%	12,1%	63,8%	6,9%	8,6%	174	2.9
Einhver skerðing/fötlun	2,6%	15,4%	71,8%	7,7%	2,6%	39	2.9

Margir foreldrar nýttu tækifærið til að útskýra nánar, hávæstar voru þar raddirnar sem gagnrýndu að það þyrfti að spila alla leiki í knattspyrnu utan Grindavíkur á veturna. Einnig var grasið á hópinnu sagt ýmist ónýtt, lélegt eða hættulegt og meiðslahætta mun meiri. Gagnrýnt var að knattspyrnudeildin væri með lokaðar æfingar fyrir nokkra útvalda úr hverjum flokki tvisvar í viku. En þær æfingar eru ekki teknar fram í æfingatöflu knattspyrnudeildarinnar á vefsíðu UMFG, afreksæfingar í körfubolta eru til samanburðar auglýstar þannig.

Aðstaða til annarrar íþróttaiðkunar var einnig gagnrýnd. Taekwondo borðsalur var nefndur þegar beðið var um að útskýra nánar. Eitt foreldri sagði aðstöðu fyrir hestaíþróttir ekki góða, annað benti á að það væri léleg aðstaða til fimleikaiðkunar í Grindavík. Loks sagði eitt foreldri að það væri löngu kominn tími á betri sundlaug auk þess sem barnið sitt hefði ítrekað lent í því að sundfötum og öðrum búnaði sem það ætti hafi verið stolið/almeningur hafi komist í búnað og tekið eða týnt honum, þegar almenningur átti ekki að hafa aðgang að þessum búnaði.

Næsta spurning kannaði viðhorf foreldra til þess hvort börnin þeirra fengju sömu tækifæri til þess að keppa og jafnaldrar af öðrum kynjum. 214 foreldrar tóku afstöðu en 15 svöruðu veit ekki. Tafla 5 sýnir niðurstöður eftir bakgrunnsbreytum en 65,9% töldu tækifæri barna sinna hvorki betri né verri en jafnaldrar af öðrum kynjum. Foreldrar drengja voru líklegri til að vera á þeirri skoðun, eða 72,3% samanborið við 58,5% foreldra stúlkna. Einnig voru foreldrar stúlkna líklegri til þess að svara frekar verri eða mikið verri (22,3%).

Tafla 5. Miðað við börn af öðrum kynjum (á sama aldri), eru/voru tækifæri barnsins míns til þess að keppa?


	Hvorki betri					Fjöldi	Meðaltal
	Mikið betri	Frekar betri	né verri	Frekar verri	Mikið verri		
Heild	5,1%	10,7%	65,9%	9,8%	8,4%	214	3.1
Staða							
Er enn að æfa íþróttir	5,7%	11,3%	65,5%	9,3%	8,2%	194	3.0
Var að æfa íþróttir	0,0%	5,0%	70,0%	15,0%	10,0%	20	3.3
Íþrótt							
Knattspyrna	3,6%	8,9%	64,3%	11,6%	11,6%	112	3.2
Körfubolti	6,3%	14,3%	74,6%	4,8%	0,0%	63	2.8
Annað	7,9%	10,5%	57,9%	10,5%	13,2%	38	3.1
Aldur							
5- 6 ára	0,0%	0,0%	92,9%	0,0%	7,1%	14	3.1
7-10 ára	5,5%	10,9%	69,1%	5,5%	9,1%	55	3.0
11-13 ára	6,7%	6,7%	73,3%	9,3%	4,0%	75	3.0
14-19 ára	4,3%	17,1%	50,0%	15,7%	12,9%	70	3.2
Kyn barns							
Stúlka	3,2%	16,0%	58,5%	10,6%	11,7%	94	3.1
Drengur	6,7%	6,7%	72,3%	9,2%	5,0%	119	3.0
Flokkur							
Drengjaflokki	6,4%	8,5%	72,3%	7,4%	5,3%	94	3.0
Stúlknaflokki	4,4%	16,2%	57,4%	10,3%	11,8%	68	3.1
Blandaður flokkur	4,3%	8,7%	67,4%	10,9%	8,7%	46	3.1
Uppruni							
Íslenskur uppruni (báðir foreldrar)	4,6%	10,3%	66,0%	9,8%	9,3%	194	3.1
Erlendur (annað eða báðir foreldrar)	10,0%	15,0%	65,0%	10,0%	0,0%	20	2.8
Skerðing/fötlun							
Engin skerðing/fötlun	5,8%	10,5%	65,7%	9,9%	8,1%	172	3.0
Einhver skerðing/fötlun	2,6%	10,5%	68,4%	7,9%	10,5%	38	3.1

Þegar beðið var um að útskýra nánar komu svipaðir hlutir upp og í fyrri spurningunni, gagnrýnt var að ekki væri hægt að keppa í sinni íþrótt í sínum heimabæ. Sumir foreldrar töluðu um mun færri mót/leiki sem stóðu börnum þeirra til boða, en börnum í öðrum bæjarfélögum. Aðrir nefndu að það væru engar keppnir í boði, sérstaklega í einstaklingsíþróttum eins og sundi og golfi. Eitt foreldri gagnrýndi að aðeins eitt lið væri í flokki drengs síns og væru drengir sem eru yngri en hann (og ekki í flokknum, en eru góðir) látnir taka sæti drengja sem eru gjaldgengir í flokkinn. Rétt eins og að ofan var gagnrýnt að slakari börn fengju færri tækifæri. Eitt foreldri gagnrýndi að foreldrar væru sjaldan látnir vita af sundmótum sem möguleiki væri að taka þátt í. Það hafi líka haft áhrif að þau séu að æfa í minni sundlaug en þeim sem keppt er í. Annað foreldri nefndi að lítið tillit væri tekið til iðkenda og foreldra sem þyrftu að vera örugg með æfingatíma. Endalausar breytingar væru gerðar á

æfingartíma með stuttum fyrirvara. Börnum væri svo meinað að keppa af því þau mættu ekki á æfingu með breyttum æfingartíma sem væri breytt með minna en eins dags fyrirvara.

Einhvern kynjamun var að finna en nokkrir foreldrar nefndu að stelpur kepptu sjaldnar en strákar. Stúlkur voru sagðar hafa fengið lítið sem ekkert að keppa á meðan strákar fengu að keppa mikið oft.

Ákveðið var að skoða tækifæri til keppni nánar eftir aldri og kyni hjá knattspyrnunni. Eins og sést á mynd 7 þá virðist vera kynjamunur bæði í 11-13 ára og 14-19 ára aldursflokkunum en þó sitthvort kynið sem fær færri tækifæri eftir aldursflokki. Í 11-13 ára hópnum eru foreldrar stúlkna mun líklegri til þess að telja að það séu frekar eða mikið verri tækifæri samanborið við foreldra drengja. Hins vegar í 14-19 ára flokknum snýst þetta að einhverju leyti við en þar eru foreldrar drengja líklegri að telja þá fá verri tækifæri og foreldrar stúlkna líklegri að telja þær fá betri tækifæri.



Mynd 7. Miðað við börn af öðrum kynjum (á sama aldri), eru/voru tækifæri barnsins míns til þess að keppa? (knattspyrna)


Foreldrar voru beðnir um að meta hæfni þjálfarans sem barnið þeirra æfir hjá samanborið við þjálfara jafnaldra af öðrum kynjum. 229 foreldrar tóku afstöðu til spurningarinnar. Niðurstöður voru greindar eftir bakgrunnsbreytum (tafla 6). Einhvern kynjamun var að finna, 6,3% foreldra drengja töldu þjálfara drengja sinna frekar eða mikið vanhæfari en þjálfara jafnaldra af öðrum kynjum,

samanborið við 18,2% foreldra stúlkna. Einnig töldu hlutfallslega fleiri foreldrar yngstu barnanna þjálfara barna sinna svipaðan og þjálfara barna af öðrum kynjum en foreldrar eldri barna. Foreldrar barna sem æfa knattspyrnu voru einnig líklegri að merkja við frekar eða mikið vanhæfari (17,8%).

Tafla 6. Miðað við börn af öðrum kynjum (á sama aldri) eru/voru þjálfari/þjálfarar barnsins míns hæfari eða vanhæfari?

	Mikið hæfari	Frekar hæfari	Hvorki hæfari né vanhæfari	Frekar vanhæfari	Mikið vanhæfari	Fjöldi	Meðaltal
Heild	9,6%	20,5%	58,5%	7,4%	3,9%	229	2.8
Staða							
Er enn að æfa íþróttir	9,4%	21,2%	58,6%	6,9%	3,9%	203	2.7
Var að æfa íþróttir	11,5%	15,4%	57,7%	11,5%	3,8%	26	2.8
Íþrótt							
Knattspyrna	5,9%	21,2%	55,1%	11,0%	6,8%	118	2.9
Körfubolti	15,4%	20,0%	61,5%	3,1%	0,0%	65	2.5
Annað	11,1%	20,0%	64,4%	2,2%	2,2%	45	2.6
Aldur							
5- 6 ára	11,1%	5,6%	72,2%	11,1%	0,0%	18	2.8
7-10 ára	8,3%	16,7%	58,3%	10,0%	6,7%	60	2.9
11-13 ára	7,7%	24,4%	55,1%	7,7%	5,1%	78	2.8
14-19 ára	12,3%	23,3%	58,9%	4,1%	1,4%	73	2.6
Kyn barns							
Stúlka	13,1%	19,2%	49,5%	11,1%	7,1%	99	2.8
Drengur	7,0%	21,7%	65,1%	4,7%	1,6%	129	2.7
Flokkur							
Drengjaflokki	7,0%	22,0%	64,0%	5,0%	2,0%	100	2.7
Stúlknaflokki	13,0%	18,8%	46,4%	11,6%	10,1%	69	2.9
Blandaður flokkur	11,3%	20,8%	62,3%	5,7%	0,0%	53	2.6
Uppruni							
Íslenskur uppruni (báðir foreldrar)	8,7%	18,8%	61,1%	8,2%	3,4%	208	2.8
Erlendur (annað eða báðir foreldrar)	19,0%	38,1%	33,3%	0,0%	9,5%	21	2.4
Skerðing/fötlun							
Engin skerðing/fötlun	9,2%	21,2%	57,1%	7,6%	4,9%	184	2.8
Einhver skerðing/fötlun	10,0%	17,5%	67,5%	5,0%	0,0%	40	2.7

Þegar greint var eftir kyni þeirra sem æfa knattspyrnu má sjá á mynd 8 að 34,2% foreldra stúlkna töldu þjálfarann frekar eða mikið vanhæfari samanborið við 10% foreldra drengja.



Mynd 8. Miðað við börn af öðrum kynjum (á sama aldri) eru/voru þjálfari/þjálfarar barnsins míns hæfari eða vanhæfari? (knattspyrna)

Að lokum voru foreldrar beðnir um að meta hvernig þeim hugnaðist þeir æfingatímar sem eru/voru í boði fyrir barnið þeirra. 155 foreldrar (67,7%) sögðu að þeim hugnaðist æfingatímarnir mjög vel/frekar vel, 17% sögðu æfingatímana hugnast þeim hvorki vel né illa og 15,3% svöruðu frekar illa/mjög illa.

Niðurstöður voru greindar eftir bakgrunnsbreytum (tafla 7). Foreldrar barna sem æfðu körfubolta voru sérstaklega ánægðir með æfingatímana. Foreldrar 7-10 ára barna voru líka sérstaklega ánægðir með æfingatímana en 86,7% þeirra hugnaðist þeir frekar eða mjög vel, í samanburði við 44,4% foreldra 5-6 ára barna. Foreldrar drengja voru aðeins líklegri til þess að hugnast æfingatímarnir frekar eða mjög illa (18,6%). Einnig voru foreldrar barna með skerðingu eða fötlun aðeins líklegri til að hugnast æfingatímar mjög eða frekar illa (22,5%).

Tafla 7. Mér hugnast þeir æfingatímar sem eru/voru í boði fyrir barnið mitt?

	Mjög vel	Frekar vel	Hvorki vel né illa	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi	Meðaltal
Heild	31,0%	36,7%	17,0%	11,8%	3,5%	229	2.2
Staða							
Er enn að æfa íþróttir	32,0%	36,9%	17,2%	10,3%	3,4%	203	2.2
Var að æfa íþróttir	23,1%	34,6%	15,4%	23,1%	3,8%	26	2.5
Íþrótt							
Knattspyrna	25,4%	37,3%	20,3%	12,7%	4,2%	118	2.3
Körfubolti	40,0%	43,1%	9,2%	7,7%	0,0%	65	1.8
Annað	33,3%	26,7%	20,0%	13,3%	6,7%	45	2.3
Aldur							
5- 6 ára	11,1%	33,3%	33,3%	22,2%	0,0%	18	2.7
7-10 ára	51,7%	35,0%	8,3%	5,0%	0,0%	60	1.7
11-13 ára	23,1%	43,6%	19,2%	10,3%	3,8%	78	2.3
14-19 ára	27,4%	31,5%	17,8%	16,4%	6,8%	73	2.4
Kyn barns							
Stúlka	38,4%	29,3%	21,2%	8,1%	3,0%	99	2.1
Drengur	25,6%	41,9%	14,0%	14,7%	3,9%	129	2.3
Flokkur							
Drengjaflokki	28,0%	43,0%	13,0%	13,0%	3,0%	100	2.2
Stúlknaflokki	39,1%	34,8%	18,8%	4,3%	2,9%	69	2.0
Blandaður flokkur	28,3%	28,3%	22,6%	17,0%	3,8%	53	2.4
Uppruni							
Íslenskur uppruni (báðir foreldrar)	31,3%	34,6%	18,3%	13,0%	2,9%	208	2.2
Erlendur (annað eða báðir foreldrar)	28,6%	57,1%	4,8%	0,0%	9,5%	21	2.0
Skerðing/fötlun							
Engin skerðing/fötlun	32,6%	37,0%	17,4%	10,3%	2,7%	184	2.1
Einhver skerðing/fötlun	25,0%	37,5%	15,0%	17,5%	5,0%	40	2.4

Foreldrar voru einnig spurð um hversu vel eða illa þeim hugnaðist fyrirkomulag Grindavíkurbæjar um niðurgreiðslu æfingagjalda (þ.e. að borga 45.000 til UMFG og að börnin fái að æfa það sem þau vilja). Tafla 8 sýnir að foreldrar eru almennt frekar sátt með þetta fyrirkomulag en 74,7% hugnast það mjög vel eða frekar vel. Foreldrar elsta aldurshópsins (14-19 ára) virðast vera hvað mest óánægðir með fyrirkomulagið en 25% segja það hugnast sér mjög eða frekar illa. Foreldrar barna sem eru að æfa annað í þessari greiningu voru að auki aðeins líklegri til þess að hugnast fyrirkomulagið mjög eða frekar illa eða 20%.

Tafla 8. Hversu vel eða illa hugnast þér fyrirkomulag Grindavíkurbæjar um niðurgreiðslu æfingagjalda (þ.e. að borga 45.000 til UMFG og börnin fá að æfa það sem þau vilja).

	Mjög vel	Frekar vel	Hvorki vel né illa	Frekar illa	Mjög illa	Fjöldi	Meðaltal
Heild	55,9%	18,8%	11,8%	8,3%	5,2%	229	1.9
Staða							
Er enn að æfa íþróttir	58,6%	17,2%	11,3%	8,4%	4,4%	203	1.8
Var að æfa íþróttir	34,6%	30,8%	15,4%	7,7%	11,5%	26	2.3
Íþrótt							
Knattspyrna	53,4%	21,2%	12,7%	7,6%	5,1%	118	1.9
Körfubolti	67,7%	12,3%	10,8%	7,7%	1,5%	65	1.6
Annað	46,7%	22,2%	11,1%	11,1%	8,9%	45	2.1
Aldur							
5- 6 ára	72,2%	11,1%	5,6%	11,1%	0,0%	18	1.6
7-10 ára	53,3%	20,0%	11,7%	10,0%	5,0%	60	1.9
11-13 ára	64,1%	19,2%	10,3%	2,6%	3,8%	78	1.6
14-19 ára	45,2%	19,2%	15,1%	12,3%	8,2%	73	2.2
Kyn barns							
Stúlka	56,6%	21,2%	9,1%	8,1%	5,1%	99	1.8
Drengur	55,8%	17,1%	14,0%	8,5%	4,7%	129	1.9
Flokkur							
Drengjaflokki	53,0%	20,0%	16,0%	7,0%	4,0%	100	1.9
Stúlknaflokki	66,7%	15,9%	10,1%	2,9%	4,3%	69	1.6
Blandaður flokkur	52,8%	22,6%	7,5%	15,1%	1,9%	53	1.9
Uppruni							
Íslenskur uppruni (báðir foreldrar)	56,3%	18,3%	11,5%	9,1%	4,8%	208	1.9
Erlendur (annað eða báðir foreldrar)	52,4%	23,8%	14,3%	0,0%	9,5%	21	1.9
Skerðing/fötlun							
Engin skerðing/fötlun	54,3%	20,1%	12,5%	7,1%	6,0%	184	1.9
Einhver skerðing/fötlun	65,0%	10,0%	10,0%	15,0%	0,0%	40	1.8

5.1.2 Mismunur, einelti, kynferðislegt ofbeldi

Foreldrar voru spurðir hvort að börn þeirra hefðu orðið fyrir mismunur, einelti eða kynferðislegu ofbeldi í íþróttastarfi sínu.


Þegar foreldrar voru spurðir hvort barn þeirra hefði upplifað mismunur í íþróttastarfinu þá voru 22 frekar eða mjög sammála því af þeim 210 sem tóku afstöðu til spurningarinnar en 19 sögðust ekki vita hvort börn þeirra hefðu upplifað mismunur (sjá töflu 9). Svo virðist sem börn séu líklegri til að hafa upplifað mismunur ef þau eru með erlendan uppruna (annað eða bæði foreldri), 37,5% foreldra barna af erlendum uppruna voru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni að barn þeirra hefði

upplifað mismunun í íþróttastarfi, samanborið við 8,2% foreldra barna af íslenskum uppruna. Mikilvægt er þó að hafa í huga að ekki liggja mjög mörg svör að baki spurningarinnar. Einnig virðast stúlkur líklegri til að hafa upplifað mismunun, 15,2% foreldra þeirra voru frekar eða mjög sammála því að þær hefðu upplifað mismunun, í samanburði við 6,8% foreldra drengja.

Tafla 9. Barnið mitt hefur upplifað mismunun í íþróttastarfinu sem það tilheyrir.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Fjöldi	Meðaltal
Heild	5,2%	5,2%	27,1%	12,9%	49,5%	210	4.0
Staða							
Er enn að æfa íþróttir	5,4%	4,8%	26,9%	11,8%	51,1%	186	4.0
Var að æfa íþróttir	4,2%	8,3%	29,2%	20,8%	37,5%	24	3.8
Íþrótt							
Knattspyrna	7,5%	5,6%	31,8%	11,2%	43,9%	107	3.8
Körfubolti	1,6%	6,3%	19,0%	14,3%	58,7%	63	4.2
Annað	5,1%	2,6%	25,6%	15,4%	51,3%	39	4.1
Aldur							
5- 6 ára	5,9%	5,9%	11,8%	17,6%	58,8%	17	4.2
7-10 ára	5,3%	3,5%	28,1%	8,8%	54,4%	57	4.0
11-13 ára	1,4%	6,9%	26,4%	19,4%	45,8%	72	4.0
14-19 ára	9,4%	4,7%	31,3%	7,8%	46,9%	64	3.8
Kyn barns							
Stúlka	5,4%	9,8%	28,3%	15,2%	41,3%	92	3.8
Drengur	5,1%	1,7%	25,6%	11,1%	56,4%	117	4.1
Flokkur							
Drengjaflokki	4,4%	2,2%	30,0%	8,9%	54,4%	90	4.1
Stúlknaflokki	6,2%	12,3%	27,7%	15,4%	38,5%	65	3.7
Blandaður flokkur	6,1%	2,0%	18,4%	16,3%	57,1%	49	4.2
Uppruni							
Íslenskur uppruni (báðir foreldrar)	4,6%	3,6%	28,4%	12,9%	50,5%	194	4.0
Erlendur (annað eða báðir foreldrar)	12,5%	25,0%	12,5%	12,5%	37,5%	16	3.4
Skerðing/fötlun							
Engin skerðing/fötlun	4,2%	5,4%	26,3%	10,8%	53,3%	167	4.0
Einhver skerðing/fötlun	10,5%	2,6%	31,6%	21,1%	34,2%	38	3.7

Foreldrar voru spurðir hversu vel eða illa íþróttafélögin hefðu brugðist við mismununinni en í 66,2% tilfella fannst foreldrum félögin hafa brugðist frekar eða mjög illa við eins og sjá má á mynd 9. Foreldrar stúlkna töldu íþróttafélagið hafa brugðist frekar eða illa við í 83,4% tilfella.



Mynd 9. Hversu vel eða illa hefur íþróttafélagið brugðist við þeirri mismunun?

Þetta voru foreldrar beðnir um að útskýra nánar, alls kusu 15 að gera það. Meðal þess sem kom fram í þeim opnu svörum var kynjamunur, sagt var að stelpurnar fái slakari þjálfara, tíma og mismunun innan þeirra. Eitt foreldri benti á að í Vestmannaeyjum hefði enginn aukþjálfari verið með stelpunum og liðin oft að keppa á sama tíma. Afreksæfingar væru í boði fyrir strákana á sama aldri og mun fyrr heldur en fyrir stelpurnar. Minna væri gert úr þeirra afrekum en strákanna. Jafnframt sagði eitt foreldri að þjálfarar í stúlknaflökkum hafi ekki haft getu né kunnáttu til að kenna grunntækni í fótbolta meðan drengir hafi fengið þjálfun og kennslu. Lítil metnaður hafi verið í þjálfun yngri flokka stúlkna.


Einnig var bent á líkt og að ofan að vegna tengsla fái sumir aðgang að frekari æfingum.

Eitt foreldri sagði þjálfara gera athugasemdir við líkamsvöxt og getu og að unglingaráð hafi ekki brugðist við ítrekuðum ábendingum.

Marka mátti mismunun á grundvelli uppruna en eitt foreldri nefndi að þar sem dóttir hennar væri ekki með hefðbundið íslenskt eftirnafn væri henni strítt, aðallega af strákum og ekkert hefði verið gert í því.

Einelti kom upp í opnu svörum en í því samhengi sagði eitt foreldri að félagið hafi ekki lagt upp úr því að útrýma einelti á æfingum að þjálfari hafi tekið óbeint þátt í einelti með því að stoppa ekki gerendur.

Foreldrar voru spurðir hvort þeir hefðu fengið fræðslu um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi frá deild/félagi. 1,3% sögðust hafa fengið fræðslu en 98,7% ekki. Svo voru þeir spurðir hvort barnið þeirra hefði fengið slíka fræðslu. Þar svaraði 1,8% já, 69% svöruðu nei og 29,2% veit ekki (mynd 10).



Mynd 10. Hefur barnið þitt fengið fræðslu um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi frá deild/félagi?


Foreldrar voru spurðir hvort að börn þeirra hefðu upplifað kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Um er að ræða mjög viðkvæma spurningu og því ekki öruggt að allir hafi viljað svara henni. Ekkert foreldri sagði já. Mikilvægt er ef slík mál komast upp að félög takist á við þau á faglegan hátt og í tilfalli barna á að setja þessi mál í hendur utanaðkomandi aðila.

Foreldrar voru spurð hvort barn þeirra hefði orðið fyrir einelti í íþróttastarfi og svöruðu 25 foreldrar þeirri spurningu játandi eða 11% (tafla 10). Foreldrar af erlendum uppruna (annað eða báðir foreldrar) sögðu í 33,3% tilfella að barnið þeirra hafi orðið fyrir einelti samanborið við 8,7% þeirra sem eiga foreldra af íslenskum uppruna

Tafla 10. Ég veit til þess að barnið mitt hafi orðið fyrir einelti?

	Já	Nei	Veit ekki	Fjöldi
Heild	11,0%	76,8%	12,3%	228
Staða				
Er enn að æfa íþróttir	9,9%	77,2%	12,9%	202
Var að æfa íþróttir	19,2%	73,1%	7,7%	26
Íþrótt				
Knattspyrna	10,3%	76,9%	12,8%	117
Körfubolti	7,7%	76,9%	15,4%	65
Annað	15,6%	77,8%	6,7%	45
Aldur				
5- 6 ára	0,0%	100,0%	0,0%	18
7-10 ára	15,0%	66,7%	18,3%	60
11-13 ára	9,0%	79,5%	11,5%	78
14-19 ára	12,5%	76,4%	11,1%	72
Kyn barns				
Stúlka	13,3%	77,6%	9,2%	98
Drengur	9,3%	76,7%	14,0%	129
Flokkur				
Drengjaflokki	8,0%	76,0%	16,0%	100
Stúlknaflokki	16,2%	70,6%	13,2%	68
Blandaður flokkur	9,4%	86,8%	3,8%	53
Uppruni				
Íslenskur uppruni (báðir foreldrar)	8,7%	78,3%	13,0%	207
Erlendur (annað eða báðir foreldrar)	33,3%	61,9%	4,8%	21
Skerðing/fötlun				
Engin skerðing/fötlun	8,2%	81,4%	10,4%	183
Einhver skerðing/fötlun	22,5%	55,0%	22,5%	40

Í framhaldi af því var spurt hvort að eineltið hefði verið tilkynnt og svöruðu 76% því játandi. Þegar foreldrar voru spurð út í viðbrögð félagsins má sjá á mynd 11 að þau upplifðu viðbrögðin á ólíkan hátt en til að mynda töldu 17,6% viðbrögðin mjög léleg og 11,8% upplifðu mjög góð viðbrögð. Meðaltalið var 5,1 á skalanum 1-10. Taka ber fram að aðeins er um 17 svör að ræða.



Mynd 11. Hversu góð voru viðbrögð félagsins að þínu mati frá 1-10

5.1.3 Líkamsímynd

Settar voru fram tvær spurningar sem sneru að líkamsímynd, annars vegar hvort börn hefðu fengið athugasemdir varðandi líkamsvöxt sinn og hins vegar hvort foreldrar hefðu áhyggjur af átröskun.

Í heildina tóku 187 afstöðu til þess hvort börn þeirra hefðu fengið athugasemd varðandi líkamsvöxt frá þjálfurum eða öðrum sem tengjast íþróttinni eða tólmstundinni sem þau stunda en 42 merktu við veit ekki. Niðurstaðan var sú að 6,6% sögðu að börn þeirra hefðu fengið athugasemdir varðandi líkamsvöxt (tafla 11).

Hlutfallslega svöruðu flestir já sem áttu elstu börnin, 11% foreldra barna 14-19 ára, í samanburði við 0% foreldra barna sem voru 5-6 ára og 3,3% foreldra barna sem voru 7-10 ára. Einnig sögðu fleiri foreldrar já sem áttu drengi en stúlkur, 8,5% í samanburði við 3%. Ekkert foreldri í körfubolta sagði já. Foreldrar barna með skerðingu/fötlun sögðu einnig í 20% tilfella að börn þeirra höfðu fengið athugasemdir varðandi líkamsvöxt frá þjálfara, samanborið við 3,8% foreldra barna með enga skerðingu/fötlun.

Tafla 11. Barnið mitt hefur fengið athugasemdir varðandi líkamsvöxt sinn frá þjálfurum eða öðrum sem tengjast íþróttinni sem það stundar.

	Já	Nei	Veit ekki	Fjöldi
Heild	6,6%	75,1%	18,3%	229
Staða				
Er enn að æfa íþróttir	5,4%	75,9%	18,7%	203
Var að æfa íþróttir	15,4%	69,2%	15,4%	26
Íþrótt				
Knattspyrna	8,5%	73,7%	17,8%	118
Körfubolti	0,0%	83,1%	16,9%	65
Annað	11,1%	68,9%	20,0%	45
Aldur				
5- 6 ára	0,0%	100,0%	0,0%	18
7-10 ára	3,3%	71,7%	25,0%	60
11-13 ára	6,4%	71,8%	21,8%	78
14-19 ára	11,0%	75,3%	13,7%	73
Kyn barns				
Stúlka	3,0%	76,8%	20,2%	99
Drengur	8,5%	74,4%	17,1%	129
Flokkur				
Drengjaflokki	8,0%	74,0%	18,0%	100
Stúlknaflokki	4,3%	75,4%	20,3%	69
Blandaður flokkur	3,8%	81,1%	15,1%	53
Uppruni				
Íslenskur uppruni (báðir foreldrar)	6,7%	76,0%	17,3%	208
Erlendur (annað eða báðir foreldrar)	4,8%	66,7%	28,6%	21
Skerðing/fötlun				
Engin skerðing/fötlun	3,8%	82,1%	14,1%	184
Einhver skerðing/fötlun	20,0%	45,0%	35,0%	40

Í seinni spurningunni var spurt hvort foreldrar hefðu áhyggjur af að barn þeirra væri með einkenni átröskunar eða gæti þróað með sér átröskun. Því svöruðu 229 en 19 merktu við hvorki/né. Í heildina voru 3,5% foreldra frekar eða mjög sammála þessu eins og sést í töflu 12.

Þegar spurningin var greind eftir aldri kom í ljós að foreldrar elstu barnanna voru líklegastir til að hafa áhyggjur af átröskun, sem og foreldrar barna með einhverja skerðingu/fötlun.

Tafla 12. Ég hef áhyggjur af því að barnið mitt sé með einkenni átröskunar eða gæti þróað með sér átröskun vegna íþróttaiðkunar sinnar?

	Mjög miklar áhyggjur	Frekar miklar áhyggjur	Hvorki né	Frekar litlar áhyggjur	Mjög litlar áhyggjur	Fjöldi	Meðaltal
Heild	1,3%	2,2%	8,3%	20,5%	67,7%	229	4.5
Staða							
Er enn að æfa íþróttir	1,5%	2,0%	8,4%	19,2%	69,0%	203	4.5
Var að æfa íþróttir	0,0%	3,8%	7,7%	30,8%	57,7%	26	4.4
Íþrótt							
Knattspyrna	2,5%	3,4%	6,8%	20,3%	66,9%	118	4.5
Körfubolti	0,0%	1,5%	6,2%	18,5%	73,8%	65	4.6
Annað	0,0%	0,0%	15,6%	22,2%	62,2%	45	4.5
Aldur							
5- 6 ára	0,0%	0,0%	11,1%	11,1%	77,8%	18	4.7
7-10 ára	0,0%	0,0%	8,3%	21,7%	70,0%	60	4.6
11-13 ára	0,0%	5,1%	5,1%	23,1%	66,7%	78	4.5
14-19 ára	4,1%	1,4%	11,0%	19,2%	64,4%	73	4.4
Kyn barns							
Stúlka	3,0%	2,0%	11,1%	20,2%	63,6%	99	4.4
Drengur	0,0%	2,3%	5,4%	20,9%	71,3%	129	4.6
Flokkur							
Drengjaflokki	0,0%	3,0%	5,0%	23,0%	69,0%	100	4.6
Stúlknaflokki	4,3%	2,9%	8,7%	18,8%	65,2%	69	4.4
Blandaður flokkur	0,0%	0,0%	13,2%	18,9%	67,9%	53	4.5
Uppruni							
Íslenskur uppruni (báðir foreldrar)	1,4%	2,4%	8,7%	20,2%	67,3%	208	4.5
Erlendur (annað eða báðir foreldrar)	0,0%	0,0%	4,8%	23,8%	71,4%	21	4.7
Skerðing/fötun							
Engin skerðing/fötun	0,0%	0,0%	8,2%	21,2%	70,7%	184	4.6
Einhver skerðing/fötun	7,5%	12,5%	10,0%	20,0%	50,0%	40	3.9

5.1.4 Opin svör

Fyrst voru foreldrar spurðir: **Hvað telur þú vera vel gert þegar kemur að íþróttaiðkun barnsins þíns?**

Ýmislegt var lofað, meðal annars metnaður félags, deildar og þjálfara og metnaður varðandi þjálfun og keppni. Góðu utanumhaldi var hrósað sem og góðu aðgengi að íþróttunum. Sérstaklega oft var vali á þjálfurum og þjálfurunum sjálfum hrósað. Til að mynda sagði eitt foreldri: „Þjálfarinn er góður, þolinmóður og kemur fram við strákana af virðingu.“ Þjálfarar voru sagðir eiga hrós skilið fyrir að nenna þessu miðað við laun og sérstaklega lofaðir fyrir að ná vel til barnanna. Æfingarnar voru sagðar

góðar og metnaðarfullar. Einstaklingsmiðaðri þjálfun var hrósað. Einstaka þjálfarar voru sérstaklega nefndir sem og þjálfarar leikskólahópa. Einnig var þjálfarateymi knattspyrnudeildarinnar lofað ásamt allri umgjörð knattspyrnudeildarinnar.

Barna og unglingaráð, ásamt yfirþjálfurum, fékk hrós fyrir að hafa unnið gott starf á nokkrum mánuðum í þjálfaramálum og framboði af æfingum og aðstaðan var sögð hafa stórbatnað. Einnig var lofað að frábærlega væri staðið að þjálfun og fræðslu utan venjulegra æfinga.

Margir foreldrar nefndu einnig ánægju með hófleg æfingagjöld og bentu einhverjir foreldrar á að niðurgreiðsla bæjarfélagsins skipti einnig miklu máli. Kostnaðurinn fyrir grunnskólabörn var lofaður og æfingagjöld sögð afar sanngjörn. Eitt foreldri var ánægt með að barnið hefði tækifæri til að stunda fleiri en eina íþrótt og fengi tækifæri til að prófa að æfa án þess að þurfa að borga hærra æfingagjöld. Einhverjir töldu þó að þessi afsláttarkjör ættu ekki að gilda svona lengi eða til 16 ára aldurs. Einnig taldi eitt foreldri að foreldrar ættu að greiða eitthvað aðeins meira í æfingagjöld og gæti íþróttafélagið þá frekar boðið upp á styrktarþjálfun og meira aðhald en hægt er núna. Nokkrir foreldrar barna sem æfðu mismunandi íþróttir nefndu að aðstaðan væri góð og til fyrirmyndar.

Körfubolti var sérstaklega lofaður, eitt foreldri sagði hann á geggjaðri uppleið með nýjum starfsmönnum og að metnaðurinn væri mikill. Annað foreldri var ánægt með metnaðinn í körfunni, sem og frábæran þjálfara. Mikil ánægja var með körfuboltann fyrir leikskólaaldur. Eitt foreldri nefndi svo að aðstaðan körfubolta megin væri frábær miðað við aðrar íþróttir í Grindavík.

Þegar kom að kynjamálum tók eitt foreldri fram að barna- og unglingaráð séu að gera breytingar í þjálfaramálum hjá öllum stelpuflokkum og bjóði loksins stelpum líka á afreksæfingar en ekki eingöngu stráku. Annað nefndi að leikurinn væri útskýrður mjög vel fyrir dótturinni og að hún væri mjög sátt við þjálfarana sem séu núna og foreldrið líka. Foreldrið finni að þau vilji stelpunum vel.

Nokkuð margir foreldrar lofuðu æfingatímana og sögðu fjölda æfinga hæfilegan, reynt væri einnig að bjóða upp á æfingar við hæfi. Ágætis samvinna væri milli deilda til að æfingar skarist ekki. Það hafi vantað upp á samvinnu en þetta sé allt að koma. Eitt foreldri tók fram að börnin fengju að æfa á sínum hraða og á sínum forsendum. Þetta stuðli að heilbrigðri hreyfingu frekar en keppnum. Skipulag og upplýsingaflæði væri til fyrirmyndar og gaman að fá hugarþjálfun fyrir iðkendur.

Fjölbreytileikinn var sagður góður, þó alltaf sé hægt að bæta og fjölbreytni var hampað.

Nokkrir aðrir hlutir sem voru lofaðir voru flott sundnámskeið, aukið framboð af fyrirlesturum o.þ.h., bæði fyrir börn og foreldra, gott framboð fyrir leikskólabörn, foreldrasamstarf, að Brimfaxi hafi verið duglegur að skaffa reiðkennara og flott mót á sumrin. Eitt foreldri sagði frábært sjálfboðastarf fara fram innan félagsins í Grindavík, allir væru að gera sitt besta nema bæjarfélagið.

Svör nokkurra foreldra hefðu átt betur heima í hinni spurningunni um hvað mætti betur fara. Eitt benti til dæmis á að þjálfarar fyrir leikskólakrakkana væru ungir krakkar í 9. bekk og það þyrfti að

þjálfra og undirbúa þjálfarana betur. Viðkomandi hefur áhyggjur af þeim sem minna mega sín á æfingum og telur þau þurfa styrkingu. Einnig fannst viðkomandi að bæta þyrfti gæði hjá þeim sem eru á elsta árinu og þurfa að undirbúa sig til að mæta á æfingar með eldri krökkum á næsta ári. Einnig hafði viðkomandi áhyggjur af því að margar stelpur hefðu hætt. Annað foreldri gagnrýndi bæjarstjórnina og sagði þau hafa engan áhuga á aðstöðu til knattspyrnuíðkunar hjá börnum og ungmennum.

Foreldrar voru síðan spurð, ***hvað telur þú að mætti betur fara þegar kemur að íþróttaiðkun barnsins þíns.*** Ýmsar tillögur til að bæta íþróttumhverfið komu upp.

Eins og hefur komið fram að ofan eru háværar raddir um að bæta aðstöðuna í bænum. Eitt foreldri gekk svo langt að segja íþróttasvæði bæjarins að mörgu leyti að niðurlútum komið. Foreldrar barna sem æfðu knattspyrnu voru sérstaklega að benda á að bæta þurfi aðstöðuna í bænum. Það þurfi að gera það svo hægt sé að æfa á stórum velli. Margir foreldrar bentu á að mikilvægt væri að geta spilað heimaleiki á veturna í Grindavík, foreldrar væru langþreyttir á að sækja heimaleiki út fyrir bæjarmörkin og teldu að það færi of mikill tími og peningar í keppnir í öðru bæjarfélagi. Bent var á að það hafi ekki allir foreldrar tök á að keyra margar „ónauðsynlegar“ ferðir í bæinn bara til að barnið fái að keppa með sínum liðsfélögum. Margir nefndu að öruggara svæði þyrfti til að æfa á, nýtt gervisgras í Hópið. Stækka þyrfti Hópið.

Aðstöðuleysið var sagt hamla því að hægt sé að bjóða upp á þann fjölda og úrval æfinga sem foreldrar vilja. Nefnt var að bæta mætti aðstöðuna varðandi fleiri íþróttir en knattspyrnu, sundlaugin væri til dæmis barn síns tíma. Útiæfingasvæði mætti vera barnvænna og reiðleiðir öruggari. Eitt foreldri nefndi að reiðleiðir væru ekki öruggar t.d. væru reiðhjól og vélknúin ökutæki stundum inni á reiðleiðum sem færi engan veginn saman.

Annað sem var mikið nefnt af foreldrum voru þjálfarar. Foreldrar telja að þjálfarar séu með of marga krakka á sinni könnu og aðstoðarþjálfarar séu oft ekki hæfir. Ánægja er með marga þjálfara en metnaðarleysi var oft nefnt í sambandi við þjálfara og gagnrýnt var að börn væru fengin til að þjálfra. Komið verður betur inn á æfingagjöldin hér fyrir neðan en margir foreldrar vilja hækka þau til að geta ráðið færa, menntaða þjálfara. Eitt foreldri sagði að bærinn þyrfti að koma miklu meira til móts við deildirnar, peningurinn sem bærinn setji í þetta geri það að verkum að ekki sé hægt að ráða færa, menntaða þjálfara. Fleiri fullorðna og hæfa þyrfti til að þjálfra stóra hópa. Nefnt var sérstaklega að stöðugleika þyrfti á þjálfaramálum hjá 7. fl. kvk. fótbolta. Einnig kom fram að óstöðugleiki og miklar afleysingar hefðu verið í þjálfun. Bent var á að taka ætti hegðun barna betur fyrir, að þjálfarar taki fyrir að börn/unglingar séu að úthúða hvert öðru fyrir mistök eða þess háttar. Eitt foreldri sagði þjálfara og æfingar til fyrirmyndar en þar sem að stór hópur sé að æfa sé erfitt að fá aðstoðarþjálfara sem eru ekki börn. Viðkomandi fannst erfiðast í þessu að ungu drengirnir kunni ekki að leiðbeina börnum með samskipti og framkomu við liðsfélaga.

Þörf er á að bæta samtal milli deilda, t.d. um samræmingu æfingatíma og samnýtingu deilda á námskeiðum/fræðslu.

Upplifun af mismunun kom fram hjá nokkrum foreldrum, innan fótboltans sé þörf á meira gagnsæi til að útrýma mismunun, það fái ekki allir sama sénsinn. Eitt foreldri gagnrýndi harðlega að það væru afreksæfingar fyrir nokkra útvalda í knattspyrnudeildinni. Þeir sem vilja bæta sig ættu að fá sömu tækifæri og aðrir. Eitt foreldri nefndi þá tillögu að rótera liðum oftar, gefa öllum tækifæri að verða betri með þeim sem eru betri en þeir sjálfir.

Tækifæri fyrir iðkendur til þess að vera virkir þátttakendur í keppni mættu einnig vera jafnari. Bent var á að styrkleikar barns væru ekki ræktaðir ef það fær bara að taka þátt í æfingum en er lítið með í keppnum, eða ef deild tekur ekki þátt í keppnum. Nefnt var sem dæmi að iðkendur í sunddeild hafi þurft að bíða í langan tíma til að komast í æfingarferð sem var áætluð fyrir tveimur árum síðan og langt sé síðan byrjað var að fjárafla fyrir henni. Kallað var eftir heildstæðri stefnu frá félaginu sem á við í gegnum alla hópa, óháð því hverjir eru foreldrar eða þjálfarar.

Eitt foreldri taldi að ekki ætti að Skipta í A og B lið hjá börnum. Það eina sem viðkomandi heyrir kvartað um er að stelpurnar sem eru í A liði monti sig við B lið, það dregur úr stelpunum og hefur áhrif á hvernig þær skipta sér utan æfinga og skóla. Krakkar verði að fá að vera jafningjar á grunnskóla árunum. Fjölskyldutengsl voru einnig nefnd, að það mætti gera betur varðandi mismunun vegna fjölskyldutengsla. Það þyrfti að sjá til þess að þjálfarar mismuni ekki börnum eftir því hverra manna þau eru og láti ekki foreldra segja sér hvaða stöðu eða í hvaða liði barnið þeirra eigi að vera.

Einhver kynjuð vandamál komu upp. Nefnt var að það skorti meiri metnað í yngra flokkastarfið í fótbolthanum og þá aðalega stúlkna megin. Einnig nefndi eitt foreldri að stelpurnar hefðu keppt minna en strákararnir. Eitt foreldri nefndi að það væri mikill munur á getu strákanna og stelpnanna og til að missa ekki stelpurnar út þurfi að gera æfingar sem hentuðu þeim og gætu hjálpað þeim. Foreldrið sagðist hafa áhyggjur af því að það muni vera fráhrindandi fyrir sína stelpu þegar hún byrjar að æfa. Talað var fyrir því að gefa stelpum og strákum sömu tækifæri með því að leggja jafn mikla áherslu á að kenna stelpum fótbolta.

Nokkuð var rætt um æfingagjaldið. Margir foreldrar nefndu að þeir væru til í að það væri hærra og væru til í að borga meira fyrir betri/meiri þjálfun. Sérstaklega nefndu foreldrar barna í knattspyrnu þetta. Nauðsynlegt þykir að aðlaga yngri flokkana, það væru greidd 30 þúsund fyrir fótbolta sem foreldrið taldi lélegan en 7 þúsund fyrir körfu sem foreldrið taldi góða. Eitt foreldri talaði fyrir 45 þúsund króna gjaldinu upp í 7. bekk en að þá ætti að taka við niðurgreiðsla á einni íþróttagrein. Talað var fyrir því að hækka æfingagjöld svo hægt sé að bæta þjálfun í knattspyrnu og taka skrefið upp á við. Eitt foreldri vildi tómsundastyrk sem myndi greiða niður íþróttir og tómsundir. Þannig að barn sem vill stunda listir geti einnig fengið styrk. Ef íþróttastyrkur væri ekki greiddur beint til UMFG gætu

börn notað styrktinn til að stunda íþrótt í öðru sveitarfélagi, þegar ekki er hægt að stunda hana í Grindavík.

Eitt foreldri nefndi að það mætti líka niðurgreiða gjöldin hjá börnum í leikskóla svo þau fái jöfn tækifæri til að æfa, fyrst það eru æfingar í boði fyrir þennan aldur. Annað foreldri sagði greiðslur leikskólabarna einfaldlega of háar miðað við eldri börn og fjölda æfinga. Varðandi leikskólabörnin nefndi annað foreldri að lítil fjölbreytileiki væri á æfingum í fótbolta og illa haldið utan um hópinn, þetta væru leikskólabörn frá þriggja til fimm ára og þriggja ára börn þurfi öðruvísi æfingar en þau sem eru fimm ára.

Fimleikar komu oft upp. Gagnrýnt var að ekki væri búið að fylla í stöðu fimleikapjálfa síðan fyrir sumarfrí 2022. Einnig hefði átt að gera ráð fyrir áframhaldandi stækkun á íþróttinni og vera með allan búnað fyrir hana. Foreldri gagnrýndi að það hefði ekki verið metnaður í gangi í að halda í þessa íþrótt, þrátt fyrir ánægju foreldra og barna með síðasta þjálfara. Talað var fyrir því að fá fimleika aftur fyrir yngstu bekkina. Einnig var aðstaðan til fimleika gagnrýnd, eitt foreldri nefndi að dóttir viðkomandi hætti að æfa fimleika því það er enginn almennilegur búnaðar til í Grindavík, miðað við önnur fimleikafélög. Leitt sé að þurfa að keyra til Keflavíkur til þess að geta æft almennilega fimleika.

Talað var fyrir betri æfingatímum. Gagnrýnt var að æfingatímar væru of seint og á matartíma. Æfingatímar mættu vera fyrr á daginn fyrir sunddeildina. Eitt foreldri útskýrði að með tvö börn í sundi á sitt hvorum aldri sé fjölskyldan aldrei öll saman í kvöldmat frá mánudegi til föstudags. Einnig var talað fyrir aukaæfingum, að fjölga mögulega æfingum á viku, eða dreifa þeim betur yfir vikuna. Eitt foreldri taldi þó að börn yngri en 13 ára ættu ekki að vera með æfingatíma um helgar, aukaæfingar væru í lagi en stundatöfluæfingar ættu ekki að vera um miðjan dag á laugardögum og sunnudögum, þetta hefði áhrif á fjölskyldusamveru.

Nefnt var að upplýsingaflæði til foreldra væri ábótavant, sérstaklega til þeirra sem hafa sjálf ekki reynslu af íþróttum og nýrra íbúa. Tengt skipulagi var nefnt að nýta mætti Sportabler betur og setja þar inn alla leiki á tímabilinu, tímanlega.

Meðal tillagna sem komu fram hjá foreldrum voru að auka mætti íþróttastarfsemi fyrir 18 ára og eldri, hafa meiri hlaup og nokkur nefndu að hafa styrktarþjálfun. Það mættu einnig vera fleiri mót. Eitt foreldri taldi vanta meiri fjölbreytni. Til dæmis rafíþróttir og frjálsar íþróttir. Eins og fleiri nefndi viðkomandi líka skort á fimleikum. Viðkomandi taldi bæjarfélagið mikið körfbolta- og fótboltafélag og að sín upplifun væri sú að annað félli svolítið „í skuggann“ á þessum tveimur íþróttum. Eins og kom fram að ofan er stórt hlutfall svarenda foreldrar barna í knattspyrnu og körfubolta.

Eitthvað var líka kvartað yfir framkomu. Nefnt var að mjög illa væri komið fram við 2. flokks strákana í knattspyrnu. Sagt var að starfsfólk íþróttahússins mætti vera jákvæðara fyrir því að leyfa börnum að leika í salnum þegar enginn er þar. Einnig mætti starfsfólkið (þ.e. einstaka starfsmenn) vera kurteisara og almennilegra við iðkendur. Sjá má öll opnu svörin í viðauka.


5.2 Íþróttastarf – könnun meðal afrekshópa

Spurningakönnun var send á forsvarsmenn UMFG og Brimfaxes til dreifingar til afreksíþróttahópa þeirra (iðkenda yfir 18 ára aldri). Aðeins tólf svör bárust, átta svör voru fyrir knattspyrnu og fjögur fyrir aðrar íþróttir. Þar sem fá svör bárust verða svörin ekki greind eftir bakgrunnsbreytum.

5.2.1 Viðhorf til jafnréttis kynja á æfingum


Fyrstu spurningarnar til fólks sem var í afreksíþróttahópum könnuðu viðhorf þeirra til þess hvort það fengi sömu eða jafnvel betri tækifæri en jafnaldrar af öðrum kynjum í sinni íþrótt. Spurningarnar sneru að tækifærum til æfinga, gæðum æfingaaðstöðu, tækifærum til þess að keppa, hæfni þjálfara og gæði æfingatíma.

Þátttakendur voru beðnir um að meta tækifæri sín til æfinga og bera saman við jafnaldra af öðrum kynjum. Mynd 12 sýnir niðurstöður fyrir fyrri spurninguna sem var: Miðað við jafnaldra af öðrum kynjum eru tækifæri mín til æfinga (t.d. með tilliti til fjölda æfinga)? Allir þátttakendur tóku afstöðu til spurningarinnar. Mikill meirihluti, eða 83% þátttakenda, taldi sig fá sömu tækifæri og aðrir en 17% töldu sig vera með frekar betri tækifæri.




Mynd 12. Miðað við jafnaldra af öðrum kynjum, eru tækifæri mín til æfinga (t.d. með tilliti til fjölda æfinga)?

Næsta spurning sneri að æfingaaðstöðu: Miðað við jafnaldra af öðrum kynjum, er æfingaaðstaða og búnaður til æfinga sem ég fæ aðgang að? Allir þátttakendur tóku afstöðu til spurningarinnar. Þeir töldu sig yfirleitt fá jafn góðan aðgang að æfingaaðstöðu og búnaði og aðrir en 75% töldu sig fá hvorki betri né verri aðstöðu en aðrir. Þá töldu 17% sig fá aðgang að frekar betri aðstöðu og 8% mun betri, mikilvægt er þó að hafa í huga að mjög fá svör liggja að baki hverju svari (mynd 13).



Mynd 13. Miðað við jafnaldra af öðrum kynjum, er æfingaaðstaða og búnaður til æfinga sem ég fæ aðgang að?


Næsta spurning kannaði viðhorf til þess hvort þátttakendur fengju sömu tækifæri til þess að keppa og jafnaldrar af öðrum kynjum. Allir þátttakendur tóku afstöðu. Þeir töldu sig yfirleitt fá jafn góð tækifæri til að keppa, 75% töldu sig fá hvorki betri né verri tækifæri en aðrir. Þá töldu 17% sig fá aðgang að frekar betri aðstöðu. Hins vegar sker þessi spurning sig frá hinum varðandi það að 8% töldu sig fá frekar verri tækifæri en aðrir. Mikilvægt er þó að hafa í huga að mjög fá svör liggja að baki hverju svari (mynd 14).



Mynd 14. Miðað við jafnaldra af öðrum kynjum, eru tækifæri mín til þess að keppa?

Þegar þátttakendur voru beðnir um að útskýra nánar sagði einn að ekki væri almennileg keppnisaðstaða.


Þátttakendur voru beðnir um að meta hæfni þjálfara þeirra samanborið við þjálfara jafnaldra af öðrum kynjum. Allir svöruðu spurningunni. Meirihluti taldi þjálfara sinn hvorki betri né verri en þjálfari annarra, eða 58%. Þátttakendur voru frekar jákvæðir í þessari spurningu, þannig töldu 17% þjálfara sinn mikið hæfari en þjálfara jafnaldra af öðrum kynjum og 25% þjálfara sinn frekar hæfari (mynd 15).



Mynd 15. Miðað við jafnaldra af öðrum kynjum er þjálfarinn minn/þjálfarar mínir hæfari eða vanhæfari?

Að lokum voru þátttakendur beðnir um að meta hvernig þeim hugnaðist þeir æfingátímar sem eru í boði (mynd 16). 67% þátttakenda sögðu að þeim hugnaðist mjög vel/frekar vel æfingátímarnir, 25% sögðu æfingátímana hugnast þeim hvorki vel né illa og 8% frekar illa (enginn svaraði mjög illa).


Mér hugnast þeir æfingatímar sem eru í boði?



Mynd 16. Mér hugnast þeir æfingatímar (tímasetning dags) sem eru í boði?


5.2.2 Mismunun, einelti, kynferðislegt ofbeldi

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu orðið fyrir mismunun, einelti eða kynferðislegu ofbeldi í íþróttastarfi sínu. Þegar þeir voru spurðir hvort þeir hefðu upplifað mismunun í íþróttastarfinu þá var enginn frekar eða mjög sammála því, 33% svöruðu hvorki né og 67% voru frekar eða mjög ósammála (mynd 17).



Mynd 17. Ég hef upplifað mismunun í íþróttastarfinu sem ég tilheyrir.

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu fengið fræðslu um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi frá deild/félagi. Eins og sjá má á mynd 18 sögðust 17% hafa fengið fræðslu en 83% ekki.




Mynd 18. Hefur þú fengið fræðslu um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi frá íþróttafélaginu?

Þeir voru svo spurðir hvort þeir hefðu upplifað kynferðislega áreitni eða ofbeldi í íþróttastarfi. Um er að ræða mjög viðkvæma spurningu og því ekki öruggt að allir hafi viljað svara henni. Enginn sagði já. Mikilvægt er ef slík mál komast upp að félög takist á við þau á faglegan hátt. Íþróttafólk var svo spurt hvort það hefði orðið fyrir einelti í íþróttastarfi og svöruðu allir þeirri spurningu neitandi.

5.2.3 Líkamsímynd

Settar voru fram tvær spurningar sem sneru að líkamsímynd, annars vegar hvort íþróttafólk hefði fengið athugasemdir varðandi líkamsvöxt sinn og hins vegar hvort þeir hefðu áhyggjur af átröskun.

Niðurstaðan var sú að enginn sagðist hafa fengið athugasemdir varðandi líkamsvöxt sinn frá þjálfurum eða öðrum sem tengjast íþróttinni sem viðkomandi stundar. Í seinni spurningunni var spurt hvort þátttakendur hefðu áhyggjur af því að vera með einkenni átröskunar eða að geta þróað með sér átröskun vegna íþróttaiðkunar (mynd 19). Því svöruðu 12 en 17% merktu við hvorki né. Í heildina höfðu 25% frekar litlar áhyggjur en 58% mjög litlar áhyggjur.



Mynd 19. Ég hef áhyggjur af því að ég sé með einkenni átröskunar eða gæti þróað með mér átröskun vegna íþróttaiðkunar minnar?

5.2.4 Opin svör

Þátttakendur voru spurðir: Hvað telur þú að mætti betur fara þegar kemur að afreksíþróttastarfi hjá Grindavík? Nokkur svör bárust, meðal annars var lagt til að bæta aðstöðu fótboltans, leggja gervisgras á völl svo hægt sé að spila yfir vetrartíma og bæta þjálfun.

Einnig voru þátttakendur spurðir: Á hvaða hátt hefur íþróttafélagið staðið sig vel að þínu mati? Nokkur svör bárust við þeirri spurningu og bent var á að vel væri staðið að allri umgjörð. Talað var um hjálpssemi og góða samvinnu, hlustað væri á þá og vinnusemi var hampað.

5.3 Æskulýðsstarf:

Í heildina fengust 77 svör í spurningakönnun frá foreldrum barna undir 18 ára aldri sem stunda æskulýðsstarf í Grindavík. Fengust svör frá foreldrum barna í öllum þremur æskulýðsstörfum sem könnunin sneri að: KFUM/K, Þrumunni og Björgunarsveitinni Þorbirni. Tafla 13 sýnir skiptingu svara eftir bakgrunni. Talsvert fleiri svör bárust fyrir drengi eða 51 svar á móti 26 svörum fyrir stúlkur. Spurt var um uppruna barns og var langstærsti hluti þátttakenda foreldrar barna af íslenskum uppruna (báðir foreldrar/forráðamenn íslenskir), eða 87,3%.

Foreldrar voru beðnir að tilgreina hvort barn sitt hefði skerðingar eða fötlun. Meirihluti foreldra áttu ekki barn með skerðingu eða fötlun, eða 77,3%. Rúmlega fimmtungur átti barn með einhverja skerðingu/fötlun, eða 22,7%.

Tafla 13. Bakgrunnur svarenda (æskulýðsstarf)

	Fjöldi	Hlutfall
Heild	77	100,0
Æskulýðsstarf		
Björgunarsveitinni	17	23,9%
KFUM/K (Grindavíkurkirkju)	12	16,9%
Þrumunni	42	59,2%
Aldur		
16 ára og eldri	18	29,6%
13- 15 ára	60	38,0%
11 – 12 ára	78	40,8%
Kyn barns		
Stúlka	26	33,8%
Drengur	51	66,2%
Uppruni		
Íslenskur uppruni (báðir foreldrar)	67	87,3%
Erlendur (annað eða báðir foreldrar)	10	12,7%
Skerðing/fötlun		
Engin skerðing/fötlun	58	77,3%
Einhver skerðing/fötlun	17	22,7%

Foreldrar barna í æskulýðsstarfi voru einungis spurð tveimur opnum spurningum sjá má svör við þeim hér að neðan.

5.3.1 Opin svör

Almennt virðast foreldrar ánægðir með æskulýðsstarf bæjarins. Foreldrar lofuðu fjölbreytileika í starfinu, skemmtilega leiðbeinendur og félagsskap og gott utanumhald. Nefnt var að gott væri að hafa eitthvað annað en íþróttir fyrir börnin. Félögin voru öll lofuð. Sumir foreldrar töldu þetta mjög gott forvarnarstarf og aðrir bentu á að æskulýðsstarfið væri sérstaklega frábært fyrir börn sem eiga kannski ekki vini til að fara í hittinga og vera með öðrum krökkum. Nefnt var sem kostur að starfið krefst ekki útgjalda frá foreldrum heldur afla börnin sjálf fjár fyrir ferðum og öðru.

Foreldrar bentu á nokkur atriði sem mætti bæta. Upplýsingagjöf til foreldra mætti vera meiri og upplýsingar um dagskrá starfsins mættu berast til foreldra. Einnig nefndu þó nokkrir foreldrar að auglýsa mætti æskulýðsstarfið betur og að þörf væri á betra samstarfi við foreldra. Hvatning ætti að vera til að mæta og taka þátt og eitt foreldri nefndi sérstaklega að það mætti fara meiri tíma í að virkja árganginn.

Eitt sem var bent á var að æskulýðsstarf og íþróttir hjá UMFG stangist oft á og að börn þurfi að velja á milli. Einnig var nefnt að það mættu vera fleiri dagar í Þrumunni og að það mættu vera viðburðir um helgar. Beðið var um að æskulýðsstarfið væri búið fyrir kvöldmat. Óskað var eftir að hlúð yrði

betur að börnum með t.d. einhverfu, það væri ekkert gert fyrir bara þau. Eitt foreldri óskaði jafnframt eftir að krakkar mættu byrja í Björgunarsveitinni í 8. bekk. Nefnt var að það vanti inn fleiri listir, sjónlistir, leiklist, dans og tónlist (sem er ekki stíft prógramm eins og tónlistarskólinn). Annað foreldri sagðist hafa það á tilfinningunni að bæjarfélagið gæti gert betur með stærra húsnæði og/eða fleiri stöðugildum.

7 Umræður

Vel er staðið að mörgu í íþrótt- og æskulýðsstarfi hjá Grindavíkurbæ. Almenn ánægja er með þjálfara og æfingagjöld en 74% sögðu fyrirkomulag Grindavíkurbæjar um niðurgreiðslu æfingagjalda hugnast sér frekar eða mjög vel. Ánægja er með fjölbreytileikann í æskulýðsstarfi en helst er tilefni til umbóta hjá jaðarsettum hópum, t.d. börnum með einhverfu. Helstu neikvæðu málin sem komu upp í rannsókninni voru aðstaðan fyrir knattspyrnu og aðrar íþróttir, svo sem sund og að reiðleiðir mættu vera öruggari fyrir hestamennsku og að hætt hafi verið að bjóða upp á fimleika í bænum. Æfingatími eftir kyni virðist afar svipaður hjá félögum og í sumum tilfellum er hann sá sami, þar sem kynin æfa saman. Lengd æfinga er einnig svipaður óháð kyni. Vísbendingar eru þó um bæði kynjamisræmi og mismunun í íþróttastarfinu eftir uppruna.

Ástæða er til að skoða hvort betur sé hægt að ná til foreldra barna af erlendum uppruna til að auka þátttöku þeirra í íþrótt- og æskulýðsstarfi. UMFG áætlað að um 3-5% iðkenda séu með erlent ríkisfang. Ekkert barn af erlendum uppruna æfir hjá hestamannafélaginu Brimfaxa af 83 iðkendum, né hjá Golfklúbbi Grindavíkur af 51 skráðum iðkendum 5-16 ára. Þetta er nokkuð umhugsunarvert í ljósi þess að um 10,57% barna í Grindavíkurbæ eru af erlendum uppruna. Jafnframt er munur milli skólastiga og tæplega fimmtungur leikskólabarna af erlendum uppruna og því ljóst að börnum af erlendum uppruna á íþróttastarfsaldri mun fjölga á næstu árum. Því er tilefni til þess að auka þátttöku þeirra sem fyrst.

Einnig mætti bæta ókyngreinda aðstöðu í sumum íþróttum og hafa meira hinseginvænt í umhverfinu. Ekkert íþróttafélaganna í Grindavíkurbæ hefur haldið fræðslunámskeið um eða fyrir hinsegin iðkendur og væri því gott að auka fræðsluna við fyrsta tækifæri.

Öll félögin taka á móti fötluðum iðkendum og hafa fatlaðir iðkendur tækifæri til að stunda æfingar hjá félögum. Hins vegar er aðgengi fyrir fatlaða víða ábótavant og mætti því vinna að því að bæta það.

Íþróttafélögin reyna öll að koma til móts við efnaminni iðkendur á einhvern hátt en UMFG hefur til dæmis, í samráði við Grindavíkurbæ, ákveðið að fella niður æfingagjöld hjá efnaminni iðkendum til að tryggja að allir iðkendur hafi tækifæri til að stunda íþróttir. Þetta teljum við mjög jákvætt.

Stjórnir íþróttafélaga í Grindavík eru upp til hópa einsleitar þegar kemur að kyni og eða/uppruna, tækifæri er til að auka fjölbreytileikann í stjórnnum með því að fara í sérstakt átak og stuðla að þátttöku ólíkra hópa á aðalfundum félagsins.

Í íþróttastarfi telur meirihluti foreldra að miðað við börn af öðrum kynjum séu tækifæri barns þeirra til æfinga hvorki betri né verri. Þó telja einhverjir foreldrar að kynjamunur sé þarna. Drengir fá að æfa upp fyrir sig en ekki stúlkur, að allar stelpur séu saman á breiðu aldursbili á meðan strákum sé skipt meira niður og geri alvöru æfingar með bolta en stúlkur án bolta. Einnig nefndi eitt foreldri að

drengirnir fá betri þjálfara í knattspyrnunni, með einhverjum undantekningum. Gagnrýnt var jafnframt að sumir fengu boð á afreksæfingar en ekki allir

Einnig telur meirihluti foreldra að miðað við börn af öðrum kynjum sé æfingaaðstaða og búnaður til æfinga hjá barninu sínu hvorki betri né verri.

Miðað við börn af öðrum kynjum sagði meirihluti foreldra einnig tækifæri barn síns til að keppa hvorki betri né verri. Í opnum svörum fullyrtu þó einhverjir foreldrar að drengir hefðu verið að keppa töluvert meira en stelpurnar síðustu ár.

Tæplega 60% foreldra töldu þjálfara barns síns hvorki hæfari né vanhæfari en þjálfarar barna af öðrum kynjum. Einnig sögðu 69% foreldra að sér hugnaðist frekar eða mjög vel þeir æfingatímar sem eru/voru í boði fyrir barnið þeirra.

Einungis 10,4% foreldra voru frekar eða mjög sammála því að barnið þeirra hefði upplifað mismunun í íþróttastarfinu sem það tilheyrir. Því miður sögðu þó einungis 5,6% þeirra að íþróttafélagið hefði brugðist frekar eða mjög vel við þeirri mismunun. Tæplega 66,6% sögðu félagið hafa brugðist frekar eða mjög illa við þessari mismunun. Kynjamismunun kom fram í þessum svörum. Alvarlegt er að eitt foreldri sagði þjálfara hafa tekið óbeint þátt í einelti með því að stoppa ekki gerendur. Loks virtist einhver bakgrunnsmismunun einnig eiga þar við, eitt foreldri sagði að þar sem dóttir hennar væri ekki með hefðbundið íslenskt eftirnafn hefði henni verið strítt, aðallega af strákum, og ekkert hefði verið gert í því. Mikilvægt er að íþróttafélög/deildir bæti viðbrögð þegar upp koma slík mál

Auka mætti fræðslu um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi frá deild/félagi. Aðeins 1,3% foreldra hafði fengið slíka fræðslu og töldu 69% foreldra að börn sín hefðu ekki fengið það heldur, einungis 1,8% sögðust vita að barnið hefði fengið slíka fræðslu en 29,2% vissu það ekki. Ekkert foreldri vissi til þess að barnið sitt hefði orðið fyrir kynferðislegri áreitni og eða kynbundnu ofbeldi í íþróttastarfi.

Ellefu prósent foreldra vissu til þess að barnið þeirra hefði orðið fyrir einelti (12,3% vissu það ekki), meirihluti eða 76% tilkynntu atvikið. Það er munur eftir uppruna en 8,7% foreldra barna með íslenskan uppruna svöruðu spurningunni játandi, í samanburði við 33,3% foreldra barna af erlendum uppruna. Viðbrögð félaga/deilda voru misjöfn í tilfellunum, þau voru metin á bilinu 1-10 og var meðaltalið 5,1. Í svörum íþróttafélaga/deilda kom fram að engin móttökuáætlun væri til staðar fyrir börn og unglunga af erlendum uppruna og hér er tækifæri til að þróa slíka áætlun til þess að bæta upplifun barna og unglunga af íþróttastarfi.

Afar fáir foreldrar vissu til þess að barnið þeirra hefði fengið athugasemdir varðandi líkamsvöxt sinn frá þjálfurum eða öðrum sem tengjast íþróttinni sem það stundar. Þó kom fram í einu opnu svari að barn hefði fengið athugasemd varðandi líkamsvöxt og getu frá þjálfara. Jafnframt sögðust tæplega 88,2% foreldra hafa frekar litlar eða mjög litlar áhyggjur af því að barn þeirra væri með einkenni átröskunar eða gæti þróað með sér átröskun vegna íþróttaiðkunar sinnar.

Almenn ánægja virðist vera hjá íþróttafólki í afreksíþróttum en þó tóku afar fáir þátt í könnuninni og því erfitt að túlka svörin nánar.

Félögin segjast að mestu leyti greiða sömu laun fyrir þjálfun óháð kyni, undantekningin eru meistaraflokkar UMFG. Við vinnslu þessarar úttektar var sérfræðingum hjá RHA hins vegar bent á að kvenkyns þjálfari (sem var ekki að þjálfa meistaraflokk) hefði nýverið sagt upp störfum hjá UMFG vegna ósættis vegna meðal annars kynbundins launamismunar. Samkvæmt svörum frá UMFG sér hver deild fyrir sig um að semja um launakjör hjá starfsfólki sínu, s.s. þjálfurum. Ekki hafa verið framkvæmdar launaúttektir á vegum félagsins undanfarið ár og þannig er erfitt að segja nákvæmlega til um hvort raunverulegt launjafnrétti ríki. Hins vegar er stefnt að launaúttektum haustið 2023. Þörf gæti því verið á miðlægri stýringu og betri yfirsýn yfir launagreiðslur eftir kyni, til að tryggja að kynbundinn launamismunur eigi sér ekki stað. Stefnt er að því að skrifstofa UMFG sjái alfarið um launagreiðslur á næstu árum með auknum starfsmannafjölda á skrifstofu UMFG, sem gæti ýtt undir miðlæga stýringu.

Almennt séð virðist vera ánægja með íþróttá- og æskulýðsstarf í Grindavík. Hins vegar er ávallt rými til betrubóta og sérfræðingar RHA finna að mikill vilji er fyrir hendi meðal forsvarsmanna íþróttafélaganna og Grindavíkurbæjar til að gera betur.

8 Viðauki

8.1 Jafnréttisstika (spurningalisti sendur til íþróttafélaga)

Jafnrétti kynjanna

Óskað er eftir upplýsingum um kynjahlutföll iðkenda, greint niður á íþróttagreinir og árganga.

Aðstaða og fjármagn

Er æfingartími (lengd) sá sami fyrir stúlkna- og drengjaflokka?

Æfa stúlkna- og drengjaflokkar á jafn góðum völlum?

Æfa stúlkna- og drengjaflokkar á jafn góðum tímum?

Er jafnræði milli kynjanna varðandi verðlaunagripi?

Er samstarfs- og styrktaraðilum kynnt stefna félagsins um að jafnræðis skuli gætt milli kynja og greina?

Hvernig skiptist fjármagn til meistaraflokka milli kynja undanfarin þrjú ár?

Hvernig er aðgengi að sjúkraþjálfurum greint niður á kyn?

Eru fyrirmyndir, einstaklingar, sem félagið notar til hvatningar fyrir aðra að jöfnu fjölbreyttir (hvað varðar kyn, kyntjáningu, uppruna, kynhneigð og fötlun)?

Auglýsingar og styrktarkvöld

Eru leikir kvenna- og karlaliða auglýstir með sama hætti og jafn mikið?

Eru haldin styrktarkvöld jafnt fyrir kvenna- og karlalið?

Hvernig er ágóðanum af styrktarkvöldum skipt á milli liða (kvenna- og karlaliða)?

Starfsfólk – laun, hlunnindi og símenntun

Fær starfsfólk félagsins sömu laun fyrir sömu eða sambærileg störf?

Fá þjálfarar sömu laun óháð kyni þeirra?

Fá þjálfarar jöfn laun óháð því hvort þeir þjálfar stúlkna/kvenna- eða drengja/karlalið?

Fá þjálfarar sömu hlunnindi (bílaleigustyrkur, gisting o.fl.) óháð kyni?

Njóta þjálfarar jafnra tækifæra til endurmenntunar óháð kyni þeirra og því hvort þau þjálfar stúlkur/konur eða drengi/karla?

Er kallað eftir sakavottorði og meðmælum frá fyrri vinnuveitendum þegar þjálfarar/starfsfólk er ráðið til félaganna?

Jafnréttisstefna

Er til samþykkt jafnréttisstefna? Er hún í gildi? Ef já vinsamlegast látið fylgja með skjal sem sýnir það.

Er jafnréttisstefnan kynnt fyrir iðkendum, starfsfólki, sjálfboðaliðum, styrktaraðilum og aðstandendum iðkenda?

Er aðgerðaáætlun, tímamörk og ábyrgð skilgreind í jafnréttisstefnunni?

Hefur jafnréttisstefnunni verið skilað inn til Grindavíkurbæjar meðfram skilum ársreikninga?

Siðareglur

Eru til siðareglur hjá félaginu? Eru þær virkar? Ef já vinsamlegast látið fylgja með skjal sem sýnir það.

Er siðareglur kynntar fyrir starfsfólki, iðkendum og aðstandendum þegar um börn og unglunga er að ræða?

Innflytjendur

Hvert er hlutfall iðkenda með erlent ríkisfang?

Í kynningarefni og upplýsingum til iðkenda/aðstandenda, er þess gætt að ná til sem flestra með því að nota fleiri tungumál en íslensku og hafa textann einfaldan?

Hvernig er myndmálið í kynningarefni, er passað upp á fjölbreytileika? (hvað varðar kyn, uppruna, kynhneigð og fötlun)?

Er móttökuáætlun fyrir börn og unglunga af erlendum uppruna?

Er skilningur á því innan félagsins að það geti haft hlutverk í því að gera innflytjendur virka í samfélaginu (inclusive integration) og er eitthvað sérstakt gert í því?

Hvert er hlutfall innflytjenda á meðal starfsfólks, þjálfara, sjálfboðaliða og í foreldrafélögum?

Hinsegin iðkendur

Er rými fyrir alla iðkendur (þ.e. er í boði ókyngreind aðstaða eins og klósett, sturtur og annað?)

Fær starfsfólk hinsegin fræðslu til að geta betur sinnt hinsegin iðkendum?

Er eitthvað í umhverfinu hinseginvænt er t.d regnbogafáni eða límmiði sýnilegur?

Hafa hinsegin iðkendur möguleika á stuðningi innan félagsins?

- Er aðgerðaáætlun eða stefna til þess að taka á ef það koma upp atvik?
- Hvernig ætlið þið að tryggja stuðning?

Hvaða ferli fer í gang ef barn kemur út sem trans? Hvernig ætlið þið að styðja barnið?

Fatlaðir iðkendur

Hvernig er því háttað þegar iðkandi er með aðstoðarmanneskju með sér?

Hafa fatlaðir iðkendur tækifæri á að æfa með félaginu ef t.d þörf er á stuðningi vegna fötlunar, líkamlegrar eða andlegrar?

Hvernig er aðgengi fyrir fatlaða iðkendur?

Efnaminni iðkendur

Er einhvers konar stuðningur fyrir efnaminni iðkendur?

Fræðsla

Er til fræðsluáætlun hjá félaginu?

Umhverfi

Hvaða myndir hanga á veggjum m.t.t. kyns, uppruna/fjölbreytileika, fötlunar o.s.frv.

9 Heimildir

Byggðastofnun. (e.d.). *Íbúafjöldi sveitarfélaga og byggðakjarna í ársbyrjun*. Byggðastofnun

<https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/maelabord/ibuafjoldi-1-januar>

UMFG. (e.d.). *Um félagið*. UMFG.

<https://umfg.is/umfg/>